



ÁRSSKÝRSLA 2015-2016

The logo for 'hagar' features the word in a lowercase, sans-serif font. The letters 'h' and 'a' are blue, while 'g', 'a', and 'r' are yellow. A blue arc is positioned above the 'h' and 'a', and a yellow arc is positioned below the 'g', 'a', and 'r'.

hagar

HELSTU LYKILTÖLUR

REKSTUR

| | 2015/16 | 2014/15 | 2013/14 | 2012/13 | 2011/12 |
|----------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Vörusala | 78.366 | 77.143 | 76.158 | 71.771 | 68.495 |
| Framlegð | 19.109 | 18.504 | 18.471 | 17.286 | 16.105 |
| EBITDAR | 8.886 | 8.777 | 8.970 | 7.963 | 7.133 |
| EBITDA | 5.659 | 5.616 | 5.862 | 4.963 | 4.183 |
| EBIT | 4.547 | 4.942 | 5.208 | 4.275 | 3.030 |
| Heildarafkoma ársins | 3.596 | 3.838 | 3.953 | 2.958 | 2.344 |

EFNAHAGUR

| | | | | | |
|----------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Eignir samtals | 29.705 | 27.609 | 26.605 | 25.714 | 23.405 |
| Eigið fé samtals | 16.368 | 14.764 | 12.098 | 8.731 | 6.221 |
| Skuldir samtals | 13.337 | 12.845 | 14.507 | 16.983 | 17.184 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 701 | 1.640 | 2.680 | 5.995 | 8.424 |

SJÓÐSTREYMI

| | | | | | |
|-------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Handbært fé frá rekstri | 5.754 | 4.349 | 4.708 | 3.888 | 3.428 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (2.548) | (2.136) | (799) | (922) | (862) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (2.744) | (3.008) | (2.713) | (2.168) | (1.504) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 462 | (795) | 1.196 | 798 | 1.061 |
| Handbært fé í árslok | 3.810 | 3.348 | 4.143 | 2.947 | 2.149 |

AÐRAR LYKILTÖLUR

| | | | | | |
|-------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Söluvöxtur | 1,6% | 1,3% | 6,1% | 4,8% | 2,7% |
| Framlegð í % | 24,4% | 24,0% | 24,3% | 24,1% | 23,5% |
| Launahlutfall | 9,1% | 8,7% | 8,5% | 8,7% | 9,1% |
| Kostnaðarhlutfall | 8,3% | 8,2% | 8,2% | 8,7% | 8,4% |
| EBITDA vöxtur | 0,8% | -4,2% | 18,1% | 18,6% | -4,6% |
| EBITDAR hlutfall | 11,3% | 11,4% | 11,8% | 11,1% | 10,4% |
| EBITDA hlutfall | 7,2% | 7,3% | 7,7% | 6,9% | 6,1% |
| Biðtími birgða í dögum (DIO) | 28,4 | 29,0 | 31,0 | 31,2 | 28,4 |
| Biðtími krafna í dögum (DSO) | 18,1 | 19,1 | 18,8 | 19,7 | 19,0 |
| Biðtími skulda í dögum (DPO) | 26,1 | 25,6 | 26,5 | 26,5 | 25,7 |
| Veltuhræði fjármuna í dögum (CCC) | 20,4 | 22,4 | 23,4 | 24,4 | 21,7 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 0,1 | 0,3 | 0,5 | 1,2 | 2,0 |
| Eiginfjárlutfall | 55,1% | 53,5% | 45,5% | 34,0% | 26,6% |
| Arðsemi eigin fjár | 23,1% | 28,6% | 38,0% | 39,6% | 47,7% |
| Innra virði hlutafjár | 13,97 | 12,60 | 10,33 | 7,45 | 5,31 |
| Fjöldi verslana | 57 | 56 | 56 | 59 | 62 |
| Fjöldi stöðugilda | 1.195 | 1.160 | 1.182 | 1.208 | 1.189 |

VÖRUSALA




milljónir króna

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Helstu lykiltölur | 3 |
| Ávarp stjórnarformanns | 7 |
| Ávarp forstjóra | 8 |
| Um Haga hf. | 10 |
| Starfsemin | 10 |
| Árið sem var að líða og framtíðarhorfur | 10 |
| Hagar í tölum | 11 |
| Matvöruverslanir | 12 |
| Bónus | 12 |
| Hagkaup | 12 |
| Vöruhús | 13 |
| Aðföng | 13 |
| Bananar | 13 |
| Ferskar kjötvörur | 13 |
| Hýsing | 13 |
| Sérvöruverslanir | 14 |
| Útilíf | 14 |
| Debenhams | 14 |
| Zara | 14 |
| Aðrar tískuvöruverslanir | 15 |
| Stærstu verkefni ársins | 16 |
| Hluthafaupplýsingar | 17 |
| Stjórnarháttayfirlýsing | 20 |
| Framkvæmd starfskjarastefnu 2014-15 | 29 |
| Tillaga að starfskjarastefnu Haga | 29 |
| Arðgreiðslustefna Haga | 30 |
| Hagar hf. – Ársreikningur samstæðunnar | 33 |

EIGIÐ FÉ



milljónir króna

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu hluthafar,

Stöðugleiki heldur áfram að einkenna rekstur Haga hf. Ársuppgjörið er svipað niðurstöðu ársins á undan og í samræmi við áætlun sem er góður árangur í ljósi talsvert erfiðra aðstæðna á fyrri hluta rekstrarársins. Deilur á vinnumarkaði og verkföll voru þá áberandi sem leiddu í einhverjum tilfellum til vöruskorts. Nýir kjarasamningar höfðu svo óhjákvæmilega áhrif á kostnaðargrunninn. Stjórnendum félagsins tókst vel að vinna úr stöðunni og án þess að teljandi áhrif hafi komið fram í vöruverði.

Veltuaukning milli ára var 1,6% og nam vörusala tæplega 78,4 milljörðum króna. Framlegð jókst lítillega á milli ára, var 24,4% en 24,0% árið á undan. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var svipaður og árið á undan, rúmlega 5,6 milljarðar króna, eða 7,2%. Hagnaður eftir skatta var tæplega 3,6 milljarðar sem er lækkun um 6,3% frá fyrra ári. Verðmætasköpun fyrir hluthafa félagsins og viðskiptavini á síkvikum samkeppnismarkaði heldur áfram.

Félagið er stórt á markaði og stjórnendur og starfsfólk eru vel meðvitund um þær áskoranir sem því fylgir. Vaxtartækifæri fyrir félag af þessari stærðargráðu eru takmörkuð á Íslandi en mikil vinna fer í að viðhalda þessari stöðu. Það eru þó hugsanleg tækifæri til að auka eigin innflutning á matvöru og eins hóf félagið nýlega eigin innflutning á áfengi sem byrjað er að selja í Vínbúðunum. Þar vinnur félagið eftir vel skilgreindum markmiðum og býður upp á góða vöru á hagstæðu verði.

Í samanburðarkönnunum kemur í ljós að framleiðni á Íslandi er lág miðað við nágrennlöndin. Þó svo að staðan hjá félaginu sé almennt góð þá vinna stjórnendur félagsins stöðugt að umbótum. Unnið hefur verið markvisst að því að fækka fermetrum, þá sérstaklega hjá Hagkaupi, þegar leigusamningar losna. Þá hefur Bónus opnað minni verslanir, eins og við Skippholt í Reykjavík, sem bjóða upp á flest það sem stærri verslanir gera en eru þó ekki með eins breitt vöruúrval. Þessar verslanir hafa fengið góðar viðtökur.

Stefnumótun er mikilvægt verkefni stjórnar og þá er eftirfylgni ekki síður mikilvæg. Áherslan í stefnumótunartíðunni undanfarið hefur annars vegar snúið að Hagkaupi og hins vegar að Útilíf og öðrum sérvöruverslunum félagsins með nýjum áherslum í vöruframsetningu og innleiðingu nýjustu tækni. Markmiðið er skýrt, að auka og bæta þjónustu við viðskiptavini og bæta reksturinn eins og kostur er. Glæsileg og betrubætt verslun Hagkaups í Smáralind með nýjum áherslum og útfærslu verður opnuð fyrir júl.

Stjórn leggur áherslu á vandaða ákvarðanatöku. Góð breidd í þekkingu og bakgrunni stjórnarmanna stuðlar að því. Í sumum tilfellum þarf stjórn endurtekið að taka ákvarðanir í svipuðum málum. Þá skiptir máli að læra af fyrri ákvörðunum og hvernig forsendur hafa þróast og breyst. Aðrar ákvarðanir eru einstakar í eðli sínu og þá er mikilvægt að nægjanlegar upplýsingar séu tiltækar. Í öllum tilfellum reynir á þekkingu, reynslu og innsæi stjórnenda og stjórnarmanna.

Félagið heldur áfram að skila til hluthafa, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Arðgreiðslustefna félagsins kveður á um að arðgreiðslur nemi yfir 50% af hagnaði. Stjórnin hefur svo samþykkt að auka sveigjanleika varðandi fjármagnsskipan með möguleika á kaupum á eigin hlutabréfum. Þó svo að tækifæri til að kaupa vel staðsettar fasteignir séu ekki á hverju strái vinnur félagið markvisst að því að bæta þeim við þegar tækifæri gefast og festi kaup á þremur fasteignum á liðnu ári.

Stöðugt er verið að styrkja félagið til að mæta áskorunum á síkvikum markaði. Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við aukna samkeppni. Skuldir eru í lágmarki, eiginfjárstaða sterk og lausafjárstaða góð. Um leið skilar félagið góðri arðsemi á eigin fé.

Stjórn félagsins mun leggja til við aðalfund þann 3. júní nk. að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 1,7 krónu á hlut, eða tæpar 1.992 milljónir króna, sem er 56,7% af hagnaði rekstrarársins.

Það fylgir því mikil ábyrgð að vera stór á markaði og hafa 90% af þjóðinni í viðskiptum. Við sinnum þessari ábyrgð af kostgæfni og er alltaf jafn gleðilegt þegar landsmenn sýna ánægju sína með félagið í verki. Bónus var valið vinsælasta fyrirtæki landsins í könnun Frjálsrar verslunar þriðja árið í röð og var þetta í 14. skipti sem Bónus hlýtur þessa nafnbót.

Allri gengisstyrkingu og tollalækkunum hefur verið skilað til viðskiptavina í gegnum vöruverð og þarf ekki annað en að skoða reikninga félagsins til að sannfærast um það. Ríkissjóði var gert að endurgreiða félaginu ólögmæta gjaldtöku ríkisins af innfluttum landbúnaðarvörum og hefur félagið byrjað að skila þessari endurgreiðslu til viðskiptavina með lækkun vöruverðs sem samsvarar þessum ólögmætu gjöldum. Langtímasamband við viðskiptavini sem byggir á trausti er lykilatriði fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka stjórnendum og starfsfólki fyrir frábæran árangur í störfum sínum fyrir félagið.

Kristín Friðgeirsdóttir,
stjórnarformaður Haga hf.



Kristín Friðgeirsdóttir,
stjórnarformaður Haga

ÁVARP FORSTJÓRA

Segja má að síðasta rekstrarár félagsins hafi að nokkru leyti verið tvískipt. Upphaf ársins einkenndist af óróa á vinnumarkaði og óvissu. Verkföll gerðu það að verkum að um tíma fengu verslanir félagsins ekki vörur, m.a. kjúklinga og nautakjöt. Afkoma fyrsta ársfjórðungs var því undir væntingum. Kostnaðarauki félagsins varð nokkur í kjölfarið á því að kjarasamningar tókust. Síðari hluti ársins einkenndist meira af stöðugleika, þar sem aukinn kaupmáttur og lítil verðbólga höfðu jákvæð áhrif á rekstur félagsins. Í upphafi árs 2016 var samið um frekari launahækkningar, en kostnaðarauki vegna þeirra kemur fram í reikningum félagsins tvo síðustu mánuði rekstrarársins. Niðurstaða ársins í heild er góð þegar horft er til framangreindra þátta. Hagnaður rekstrarársins fyrir skatta nam 4.498 milljónum króna, samanborið við 4.795 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 3.596 milljónum króna á rekstrarárinu, sem jafngildir um 4,6% af veltu, en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 3.838 milljónir.

Aðstæður á síðasta ári voru um margt óvenjulegar, þar sem íslenska krónan styrktist, verðbólga var lítil í sögulegu samhengi og í raun verðhjöldun í ákveðnum vöruflokkum. Þensla var á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði, sem skapar kostnaðarauka. Við þessar aðstæður skiptir miklu máli að félaginu takist að verja tekjur sínar og framleggð á sama tíma og aðhalds er gætt í kostnaði.



Finnur Árnason,
forstjóri Haga

Fjárfestingar á rekstrarárinu námu 2.548 milljónum króna

en þar af fjárfesti félagið 1.371 milljón króna í fasteignaverkefnum. Bananar, sem fögnuðu 60 ára afmæli á liðnu ári, fluttu starfsemi sína í nýtt vöruhús við Korngarða í Reykjavík í febrúar sl., en vöruhúsið er stærsta fjárfestingaverkefni sem félagið hefur ráðist í á undanförunum árum. Á rekstrarárinu voru opnaðar þrjár nýjar og glæsilegar Bónus-verslanir, í Skipholti í ágúst, við Túngötu í Reykjanesbæ í október og nú í febrúar í Vestmannaeyjum. Félagið fjárfesti í fasteignunum í Skipholti og við Túngötu og festi auk þess kaup á fasteigninni undir verslun Bónus að Smiðjuvöllum á Akranesi í gegnum Gargon ehf.

Bónus var á árinu valið vinsælasta fyrirtæki landsins í fjórtánda sinn. Ekkert fyrirtæki hefur jafnoft hlotið þessa viðurkenningu. Sem fyrr byggja vinsældir Bónus á þeirri skýru stefnu að bjóða lágsta vöruverð á landinu alla daga og sama verð um land allt.

Á árinu tókust samningar um nýjan leigusamning fyrir Hagkaup í Smáralind. Verslunin mun minnka um 4.800 fermetra og verður eftir breytingar um 5.600 fermetrar. Gert er ráð fyrir opnun eftir breytingar í nóvember nk. Þá var leigusamningur Debenhams í Smáralind framlengdur til máloka 2017, en óvissa er um frekari framlengingu.

Unnið var markvisst að undirbúningi innflutnings og sölu áfengis. Nýlega fór Euroshopper-bjór og ítölsk léttvín í sölu í verslunum ÁTVR. Salan hefur gengið vel og fleiri vörutegundir eru í farvatninu. Frumvarp um sölu á áfengi í dagvöruverslunum hefur

enn ekki orðið að lögum, en það er trú stjórnenda félagsins að nú sé ekki spurning um hvort, heldur hvenær slíkt frumvarp verður samþykkt á Alþingi.

Fataverslun hér á landi hefur dregist saman undanfarin ár. Í lok síðasta árs sýndu kannanir að nánast önnur hver flik væri keypt erlendis. Verslun Karen Millen í Smáralind var lokað á rekstrarárinu og ákveðið hefur verið að loka verslun Evans í Smáralind í júní. Um áramótin var felldur niður svokallaður tvöfaldur tollur af fatnaði. Stjórnvöld stigu þar jákvætt skref til að bæta samkeppnishæfni íslenskrar verslunar. Það er þó mat stjórnenda að færa þurfi fatnað og skó í neðra þrep virðis- aukaskatts til þess að verslun flytjist í auknum mæli til landsins.

Á fjórða ársfjórðungi féllu tvö dómsmál sem Hagar voru aðili að. Annars vegar voru Hagar dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða Norvik hf. skaðabætur vegna svonefnds mjólkurverðstríðs á árunum 2005-2006. Færð var skuldbinding að fjárhæð 413 milljónir króna vegna þessa en Hagar munu áfrýja málinu til Hæstaréttar. Hins vegar féll dómur í Hæstarétti þar sem íslenska ríkinu var gert að endurgreiða Högum ólögmeta gjaldtöku af innfluttum landbúnaðarvörum. Upphæðin er ekki tekjufærð og verður ekki þar sem sú afstaða Haga hefur legið fyrir að fjármuninum verður skilað aftur að fullu til viðskiptavina í formi lægra vöruverðs. Högum voru dæmdar 245 milljónir króna, auk vaxta, en eftir dóminn gerði félagið kröfu á íslenska ríkið um greiðslu 338 milljóna króna til viðbótar, auk vaxta. Hluti þess hefur fengist greiddur, eða 217 milljónir króna, en ágreiningur er um eftirstöðvarnar.

Í tilefni af góðu uppgjöri félagsins mun Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónus, afhenda styrk til Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, að upphæð 2 milljónir króna, til BUGL, barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans, að upphæð 2 milljónir króna og til fræðslu- og batasetursins Vinjar, sem Rauði krossinn rekur, að upphæð 1 milljón króna. Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, mun sömuleiðis afhenda styrki til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadalads að upphæð 2 milljónir króna, Sjónarhóls, félags fyrir sérstök börn til betra lífs, að upphæð 2 milljónir króna og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna að upphæð 1 milljón króna. Auk framangreindra málefna styrkja fyrirtæki Haga árlega fjölmörg æskulýðs-, góðgerðar- og mannúðarmál.

Ljóst er að á næstu mánuðum mun samkeppni á markaði aukast og rekstrarumhverfið taka breytingum. Starfsfólk félagsins leggur nú sem fyrr áherslu á að þjóna viðskiptavinum sínum eins vel og kostur er og mæta þeim væntingum sem til verslana félagsins eru gerðar.

Á hverju ári minni ég á að velgengni félagsins er ekki sjálfgefin. Það er rík ástæða til að þakka okkar frábæra starfsfólki fyrir þeirra framlag. Þann rekstrarárangur sem náðist á síðasta ári vil ég sérstaklega þakka samstarfsfólki mínu og meðstjórnendum. Auk þess þakka ég viðskiptavinum það mikla traust sem þeir sýna okkur dag eftir dag og ár eftir ár með daglegum viðskiptum við fyrirtækin okkar.

Finnur Árnason,
forstjóri Haga hf.

8.424



2011/12

5.995



2012/13

2.680




2013/14

1.640



2014/15

701




2015/16

Nettó vaxtaberandi skuldir

milljónir króna

SKULDSETNING



UM HAGA

Hagar er leiðandi verslunaryrirtæki á íslenskum matvöru- og sérvörumarkaði en félagið var stofnað í núverandi mynd árið 2003. Í lok rekstrarársins starfrækti félagið 57 verslanir innan sex smásölufrirtækja og fjögur vöruhús. Þá voru starfsmenn félagsins 2.327 talsins í 1.195 stöðugildum. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa en auk þess reka Hagar nokkrar sérvöruverslanir.

Fyrirtæki Haga eru öll 100% í eigu félagsins en þau eru starfrækt í fjórum dótturfélögum. Fyrirtækin eru rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar og hafa þess vegna ólík rekstrarform og ólíka menningu. Hlutverk Haga er að veita fyrirtækjum sínum aðhald í rekstri og finna sameiginlega fleti sem leitt geta til hagræðingar í kostnaði og auknið tekjumöguleika fyrirtækjanna og um leið samkeppnisstyrk þeirra. Hlutverk Haga er enn fremur að skapa virði fyrir hluthafa sína með arðsömum rekstri.

Hlutabréf Haga voru skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland þann 16. desember 2011 með auðkenninu HAGA. Skráð hlutfélagið er 1.171.502.190 hlutir. Hver hlutur er 1 króna að nafnverði. Fjöldi hluthafa í lok febrúar 2016 var 960 og tveir hluthafar áttu þá stærri hlut en 10%. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi.

STARFSEMIN

Hagar hafa það að markmiði að starfrækja og þróa leiðandi vörumerki á smásöluarkaði sem standast væntingar viðskiptavina sinna og hafa burði til að vaxa. Markmiðið er einnig að halda einfaldleika í starfsemi allra rekstrareininga sem og að reka hverja einingu sem sjálfstætt og arðbært fyrirtæki með öllum eiginleikum hefðbundins fyrirtækis. Markmið Haga er enn fremur að hámarka virði hverrar rekstrareiningar með aukinni þekkingu á viðskiptum og smásölu.

Innan allra rekstrareininga Haga eru sömu megingildin höfð að leiðarljósi í rekstri og þjónustu. Í þeim er falið grundvallarviðhorf fyrirtækisins til þjónustu við viðskiptavini, framgöngu starfsmanna og ábyrgðar þeirra í starfi.


Hagar eiga tvær af stærstu smásölukeðjum landsins sem reknar eru undir vörumerkjum Bónus og Hagkaups. Bæði eru þetta rótgróin fyrirtæki sem náð hafa sterkri markaðsstöðu á löngum tíma. Hagar reka einnig fjögur vöruhús sem sinna stoðhlutverki við matvöruverslanirnar, m.a. með innkaupum, birgðahaldi og dreifingu. Vöruhúsin eru Aðföng, Bananar, Ferskar kjötvorur og Hýsing. Hagar starfrækja auk þess sérvöruvið innan Hagkaups sem og nokkrar sérvöruverslanir með þekktum lífstíls- og tiskuvörumerkjum. Sérvöruverslanirnar eru Útilíf, Zara, Debenhams, Topshop, Dorothy Perkins, Evans, Karen Millen og Warehouse.

ÁRIÐ SEM VAR AÐ LÍÐA OG FRAMTÍÐARHORFUR

Nettó fjárfestingar rekstrarársins námu 2.548 milljónum króna en þar af fjárfesti félagið fyrir 1.371 milljón króna í fasteignaverkefnum. Vinnu lauk við byggingu nýs vöruhúss Banana við Korngarða í Reykjavík og flutti fyrirtækið starfsemi sína í febrúar sl. Auk þess fjárfesti félagið í tveimur fasteignum, við Skipholt í Reykjavík og Túngötu í Reykjanesbæ, þar sem Bónus hefur opnað verslanir. Þá festi félagið kaup á fasteigninni við Smiðjuvelli 32 á Akranesi, þar sem Bónus hefur verslun, í gegnum Gargon ehf.

Á rekstrarárinu voru opnaðar þrjár nýjar Bónus-verslanir. Í ágúst opnaði Bónus verslun í Skipholti og í október við Túngötu í Reykjanesbæ. Það var svo í byrjun febrúar sem Bónus-verslun var opnuð í Vestmannaeyjum en þar leigir Bónus húsnæði undir starfsemi sína. Verslanirnar eru allar glæsilegar og hafa fengið frábærar móttökur.

Framkvæmdir eru hafnar við minnkun verslunar Hagkaups í Smáralind en í desember sl. skrifaði fyrirtækið undir nýjan leigusamning um 5.600 m² rými til 10 ára. Gert er ráð fyrir að ný og glæsileg verslun verði opnuð í byrjun nóvember nk. Samið hefur verið til skamms tíma fyrir Debenhams og mun núverandi samningur því renna út í maí 2017.



Verslun Karen Millen var lokað í Smáralind í lok febrúar sl. Tekin hefur verið ákvörðun um lokun verslunar Evans í Smáralind í lok júní.

Þann 21. janúar sl. var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli Haga gegn íslenska ríkinu. Högum voru dæmdar 245 milljónir króna auk vaxta vegna ólögmætrar gjaldtöku ríkissjóðs af innfluttum landbúnaðarvörum. Eftir dóminn gerði félagið kröfu á íslenska ríkið um greiðslu 338 milljóna króna til viðbótar, auk vaxta. Hluti þeirrar kröfu hefur fengist greiddur, eða 217 milljónir króna, en ágreiningur er um eftirstöðvarnar. Afstaða Haga til þess hvernig fjármuninum skyldi varið hefur ávallt legið fyrir; þeim verður skilað til viðskiptavina félagsins í gegnum lægra vöruverð. Bónus og Hagkaup hafa nú þegar boðið innfluttan heilan kjúkling og kjúklingabringur á niðurgreiddu verði og mun félagið áfram bjóða vörur á lægra verði en ella þar til öllum framangreindum fjármunum hefur verið skilað til viðskiptavina.

Í mars féll úrskurður í dómsmáli í Héraðsdómi Reykjaness þar sem Hagar voru dæmdir til að greiða Norvik hf. skaðabætur vegna tjóns af völdum svonefnds mjólkurverðstríðs á árunum 2005-2006. Skaðabæturnar nema 218,7 milljónum króna, auk vaxta og málskostnaðar. Málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar.

HAGAR Í TÖLUM

Rekstrarárið sem var að liða stóðst áætlanir félagsins og var mjög sambærilegt uppgjörinu árið á undan. Fyrsti ársfjórðungur rekstrarársins einkenndist þó af áhrifum verkfalla og kostnaðarauka vegna kjarasamninga. Annar ársfjórðungur var nokkuð betri og jókst hagnaður milli ára umfram áætlanir félagsins. Þriðji og fjórði ársfjórðungur einkenndust af stöðugleika.

Vörusala rekstrarársins nam 78.366 milljónum króna sem er 1,6% veltuaukning milli ára. Til samanburðar var hækkan 12 mánaða meðaltalsvísitölu neysluverðs 1,86% milli rekstrarára en hækkan vísitölnunnar án húsnæðis var 0,35%. Framlegðarhlutfallið hækkaði úr 24,0% í 24,4% en hækkan framlegðar í krónum milli ára er 605 milljónir króna. Rekstrarkostnaður hækkar hins vegar um 639 milljónir króna milli rekstrarára, eða um 4,9%. Rekstrarkostnaður hækkar því um 34 milljónir króna umfram framlegðaraukningu á rekstrarárinu. Laun hækkuðu um 7,2% milli ára og annar rekstrarkostnaður um 2,5%. Kostnaðarhlutfallið í heild hækkar úr 16,9% í 17,4%.

Afkoma rekstrarársins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 5.659 milljónum króna en það jafngildir 7,2% EBITDA-hlutfalli. Á rekstrarárinu 2014/15 nam EBITDA 5.616 milljónum króna og EBITDA-hlutfallið var 7,3%.

Á rekstrarárinu voru gjaldfærðar 413 milljónir króna vegna skaðabóta, vaxta og málskostnaðar sem Hagar hafa verið dæmdir til að greiða Norvik hf. vegna tjóns af völdum svonefnds mjólkurverðstríðs á árunum 2005-2006.

Afskriftir hækka um 3,7% milli ára en heildarafskriftir ársins námu 699 milljónum króna. Fjármagnsliðir lækka um 67% milli ára eða um 98 milljónir króna.

Hagnaður félagsins fyrir skatta var 4.498 milljónir króna og tekjuskattur ársins 902 milljónir króna. Hagnaður tímabilsins eftir skatta er því 3.596 milljónir króna sem er 6,3% lækkun frá fyrra ári.

| | 2015/16 1.3-29.2 | 2014/15 1.3-28.2 | Mismunur í % |
|------------------------------|---------------------|---------------------|-----------------|
| Vörusala | 78.366 | 77.143 | 1,6% |
| KSV | (59.257) | (58.639) | 1,1% |
| Heildarframlegð | 19.109 | 18.504 | 3,3% |
| Framlegð í % | 24,4% | 24,0% | 0,4% |
| Aðrar tekjur | 206 | 129 | 59,5% |
| Laun og launatengd gjöld | (7.162) | (6.680) | 7,2% |
| Launahlutfall | 9,1% | 8,7% | 0,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | (6.494) | (6.337) | 2,5% |
| Kostnaðarhlutfall | 8,3% | 8,2% | 0,1% |
| EBITDA | 5.659 | 5.616 | 0,8% |
| EBITDA% | 7,2% | 7,3% | -0,1% |
| Skaðabætur | (413) | - | - |
| Afskriftir | (699) | (674) | 3,7% |
| EBIT | 4.547 | 4.942 | -8,0% |
| Fjármunatekjur (-gjöld) | (49) | (147) | -66,7% |
| Hagnaður fyrir skatta | 4.498 | 4.795 | -6,2% |
| Tekjuskattur | (902) | (957) | -5,7% |
| Hagnaður tímabilsins | 3.596 | 3.838 | -6,3% |



Heildareignir félagsins í lok rekstrarársins námu 29.705 milljónum króna. Fastafjármunir voru 16.684 milljónir króna og veltufjármunir 13.021 milljón króna en þar af eru birgðir 4.756 milljónir króna.

Eigið fé félagsins í lok rekstrarársins var 16.368 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 55,1%. Á sama tíma árið á undan var eiginfjárhlutfall félagsins 53,5%. Heildarskuldir félagsins voru 13.337 milljónir króna og þar af langtímaskuldir 4.257 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok rekstrarársins voru 701 milljón króna en það jafngildir skuldsetningu 0,1 x EBITDA. Til samanburðar voru nettó vaxtaberandi

skuldir 1.640 milljónir króna í lok rekstrarársins 2014/15. Á rekstrarárinu voru greiddar afborganir að fjárhæð 752 milljónir króna inn á langtímalán félagsins.

Handbært fé hækkaði um 462 milljónir króna á rekstrarárinu. Handbært fé frá rekstri var 5.754 milljónir króna, fjárfestingarhreyfingar 2.548 milljónir króna og fjármögnunarhreyfingar 2.744 milljónir króna. Greiddur var arður á árinu að upphæð 1.992 milljónir króna.

Nánari upplýsingar um helstu lykiltölur er að finna á bls. 3.

MATVÖRUVERSLANIR

Hagar eiga tvær af stærstu smásölukeðjum landsins, sem reknar eru undir vörumerkjum Bónus og Hagkaups. Bæði eru þetta rótgróin fyrirtæki sem náð hafa sterkri markaðsstöðu á löngum tíma.

BÓNUS

Allt frá stofnun árið 1989 hefur markmið Bónus sem lágvöruverðsverslunar verið að tryggja neytendum um land allt lægsta mögulega vöruverð. Lykillinn að því hefur verið lágur rekstrarkostnaður, íbúður í lágmarki, styttri opnunartími en gengur og gerist, takmarkað vöruúrval sem spannar þó allar þarfir heimilisins, stöðugt kostnaðaraðhald og mikill veltuhráði. Sama vöruverð er í verslunum Bónus um land allt sem reynst hefur afar dýrmætt gagnvart neytendum.

Bónus vann að mörgum stórum verkefnum á rekstrarárinu en þar ber helst að nefna opnun þriggja nýrra verslana. Í ágúst opnaði Bónus verslun í Skipholti, aðra í Reykjanesbæ í október og síðast en ekki síst var opnuð verslun nú í febrúar í Vestmannaeyjum. Einnig hefur verið unnið að endurnýjun og endurbótum á eldri verslunum þar sem ferskvörukælar hafa m.a. verið stækkaðir.

Umhverfismál eru ávallt ofarlega í huga stjórnenda Bónus en góður árangur hefur náðst í flokkun og meðferð sorps undanfarin ár. Er stefnan sett á enn betri árangur á nýju rekstrarári.

Stefna Bónus á greinilega upp á pallborðið hjá landsmönnum. Því til staðfestingar var Bónus valið vinsælasta fyrirtæki landsins árið 2016 í könnun Frjálsrar verslunar, þriðja árið í röð, en alls hefur Bónus hlotnast sá heiður fjórtán sinnum.

Bónus rekur 32 verslanir, 20 á höfuðborgarsvæðinu og 12 á stærstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Stöðugildin eru 394 en fjöldi starfsmanna er 940.

Framkvæmdastjórn Bónus skipa: Guðmundur

Marteinsson, framkvæmdastjóri, Erla Magnúsdóttir, fjármálastjóri, og Guðlaugur Gauti Þorgilsson, rekstrarstjóri.



HAGKAUP

Hagkaup er smásöluverslun sem leggur megináherslu á góða þjónustu og að bjóða íslenskum neytendum breitt vöruúrval. Það á við um allar daglegar þarfir heimilisins í matvöru, fatnaði, snyrtivöru, heimilivöru og tómstundavöru þannig að viðskiptavinir geti gert öll sín innkaup í einni ferð. Hagkaup var stofnað árið 1959 og var fyrsti stórmarkaðurinn opnaður í Skeifunni árið 1970.

Á rekstrarárinu hélt áfram uppbygging á sölu á eldgrilluðum kjúklingi í verslunum Hagkaups. Viðskiptavinir hafa tekið þessari nýjung vel enda er kjúklingurinn einstaklega ferskur og safaríkur.

Þá hélt áfram vinna við innleiðingu fyrirtækisins á nýju upplýsingakerfi en áætlað er að það verði komið í fulla notkun fyrir næstu jól. Með nýju kerfi skapast ný tækifæri fyrir Hagkaup til betri áherslna í rekstri.

Unnið er að uppfærslu á bakaríum í verslunum í Skeifu og Smáralind en þar munu steinofnar vera í forgrunni. Steinbökuð brauð komu í verslanir á árinu sem var að líða og hefur móttaka þeirra farið fram úr björtustu vonum.

Á árinu lauk einnig undirbúningsvinnu við hönnun nýrrar Hagkaupsverslunar í Smáralind sem verður opnuð í nóvember nk. Verslunin verður hin glæsilegasta þar sem lögð verður áhersla á ferskvöru í nýrri umgjörð með fjölda nýjunga.

Hagkaup rekur 11 verslanir, þar af sjö á höfuðborgarsvæðinu, og er sama verð í þeim öllum. Hagkaup rekur einnig Stórkaup, sem er birgðaverslun fyrir fyrirtæki, mótuneyti, skip, veitingastaði og söluturna. Fjórar verslanir eru opnar allan sólarhringinn.

Í árslok voru starfsmenn fyrirtækisins 838 í 415 stöðugildum.

Framkvæmdastjórn Hagkaups skipa: Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Anna Jóna Aðalsteinsdóttir, fjármálastjóri, Sigurður Hansen, rekstrarstjóri verslana, og Brynjar Helgi Ingólfsson, rekstrarstjóri innkaupa- og markaðssviðs.



VÖRUHÚS

AÐFÖNG

Pegar Hagkaup og Bónus ákváðu að koma á fót sameiginlegu innkaupafyrirtæki árið 1993 var fyrirtækið Aðföng stofnað en fékk það nafn fimm árum síðar. Aðföng er vöruhús sem sinnir innkaupum, birgðahaldi og dreifingu á almennum þurrvörum sem og kæli- og frystivörum fyrir verslanir Bónus og Hagkaups, auk vöruþróunar eigin merkja í samstarfi við matvörukeðjurnar. Þar ber hæst vöumerkin Himneskt og Heima.

Aðföng er eitt stærsta og tæknivæddasta vöruhús landsins og þar er lögð mikil áhersla á stærðarhagkvæmni. Nýjasta tækni er nýtt við rekstur vöruhússins hvar sem því verður við komið. Vöruhús Aðfanga er því sem næst pappírslaut og öflug tölvukerfi halda utan um feril vara frá upphafi til enda.

Innkaup Aðfanga felast annars vegar í viðskiptum við innlenda birgja og hins vegar innflutningi eigin vöumerkja. Á rekstrarárinu bættust nokkrir nýir og öflugir erlendir birgjar við flórana en stefnt er að áframhaldandi vexti í eigin innflutningi fyrirtækisins á næstu árum.

Á rekstrarárinu hóf Aðföng vinnu við innflutning á áfengi fyrir verslanir ÁTVR. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu í vöruflökkum á næstu árum en fyrsta varan, Euroshopper-björ, fór í sölu hjá Vínbúðunum þann 1. apríl sl. Í maí bættust svo við nokkrar tegundir léttvins.

Hjá Aðföngum starfa 99 manns í um 80 stöðugildum og búa starfsmenn fyrirtækisins yfir langri og dýrmætri reynslu.



Framkvæmdastjórn Aðfanga skipa: Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri, Hafdís Rósa Sæmundsdóttir, fjármálastjóri, og Einar Þórisson, innkaupastjóri.

BANANAR

Banarar fögnuðu 60 ára afmæli á liðnu ári en fyrirtækið var stofnað 18. júní 1955 og er elsta fyrirtækið í samstæðu Haga. Banarar er stærsti dreifingaraðili á fersku grænmeti og ávöxtum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Fyrirtækið býður upp á mikið úrval af bæði íslensku og erlendu grænmeti og ávöxtum allan ársins hring og dreifir þeim til viðskiptavina sinna sex daga vikunnar, þar af til beggja matvörukeðja Haga.

Viðskiptavinir Banarar eru hátt í 900 talsins. Í gegnum fyrirtækið fara árlega 25 þúsund tonn eða um 80 kíló á hvern landsmann. Banarar hafa viðskiptasambönd út um allan heim og beina því viðskiptum sínum beint til þeirra landa þar sem gæði ávaxta og grænmetis er best hverju sinni.

Banarar fluttu starfsemi sína í nýtt vöruhús við Korngarða 1 í

Reykjavík í febrúar sl. Framundan er því vinna við að nýta þá möguleika sem nýtt vöruhús hefur upp á að bjóða.

Langur starfsaldur er í fyrirtækinu og hefur því skapast mikil reynsla og þekking á viðskiptum með grænmeti og ávexti. Starfsmenn Banarar eru 80 talsins í 80 stöðugildum.



Framkvæmdastjórn Banarar skipa: Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri, Guðbjörg Helgadóttir, fjármálastjóri, og Örvar Karlsson, sölustjóri.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Hjá Ferskum kjötvörum er unnið ferskt kjöt úr nauti, lambi og grís. Kjötvinnslan er við Síðumúla í Reykjavík en einnig reka Ferskar kjötvörur kjöt- og fiskborð í verslunum Hagkaups í Garðabæ og Kringlu. Fagmenn sjá um að öll meðhöndlun sé rétt og örugg og fer öll vinnsla í gegnum nákvæmt rekjanleikakerfi. Ferskar kjötvörur var stofnað 1993 en Hagar keyptu fyrirtækið árið 2005.

Ferskar kjötvörur sjá verslunum Hagkaups og Bónus fyrir kjöti, en selur einnig til fjölmargra veitingahúsa og annarra aðila. Fyrirtækið á 27 vöumerki og eru þau helstu Íslandsnaut, Íslandslamb, Íslandsgrís, Nautaveisla og Nautaa.

Rúmlega 60 manns starfa hjá Ferskum kjötvörum í 50 stöðugildum.

Framkvæmdastjórn Ferskra kjötvara skipa: Ingibjörn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri, og Guðbjörg Helgadóttir, fjármálastjóri.



HÝSING

Hýsing er vöruhús fyrir sérvöru og sérhæfir sig í lagerhaldi, afgreiðslu, vöumerkingum, tollafgreiðslu og öðru sem nauðsynlegt er til að gera vöru tilbúna til sölu í verslun. Hýsing er frábrugðið öðrum félögum innan samstæðu Haga að því leyti að fyrirtækið selur ekki vörur. Tekjur Hýsingar byggjast á tvennu, geymslutekjum og seldum handtökum, en ótal handtök eru við allar vörur áður en þær komast í sölu. Það þarf að umpakka, verð- og strikamerkja, setja á herðatré, öryggismerkja, innihaldsmerkja og ýmislegt fleira. Vöruhús Hýsingar við Skútuvog í Reykjavík er eitt hið fullkomnasta sinnar tegundar hér á landi.

Hagkaup er stærsti viðskiptavinur Hýsingar en sérvöruverslanir

Haga og fleiri fyrirtæki nýta sér þjónustuna. Þá hefur viðbót við tölvukerfi Hýsingar gert fyrirtækinu kleift að þjónusta einnig smærri fyrirtæki en áður.

Umhverfismál eru í hávegum höfð hjá Hýsingu en umhverfisvæn rekstrarvörur eru ávallt valdar umfram aðrar vörur. Hlutfall flokkaðs úrgangs til endurvinnslu er 90% en auk umhverfislegs ávinnings eru förgunargjöld lægri en ella vegna þessa. Flokkun fyrirtækisins á pappír til endurvinnslu kom í veg fyrir að 339 tonn af koltvíoxíði færu út í andrúmsloftið en það svarar næstum til ársnotkunar 83 fólksbila.

Starfsmenn Hýsingar eru 34 talsins af sex þjóðernum. Flestir koma frá Póllandi eða 43% og Íslendingar eru um 40%. Aðrir koma frá Ítalíu, Portúgal, Litháen og Víetnam.

Frankvæmdastjórn Hýsingar skipa: Guðmundur Oddgeirsson, framkvæmdastjóri, Þórdís Arnardóttir, rekstrarstjóri, og Ólína Guðlaugsdóttir, deildarstjóri.



SÉRVÖRUVERSLANIR

Hagar reka nokkrar sérvöruverslanir með þekktum lífstíls- og tískuvörumerkjum, auk sérvöruhluta Hagkaups. Flestar þeirra eru reknar með sérleyfissamningi og eru í verslunarmiðstöðvum Kringlu og Smáralindar. Markmið allra verslananna er að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og mæta þörfum þeirra og óskum í hvívetna. Mikil áhersla er því lögð á þjálfun starfsfólks, oft í nánu samstarfi við alþjóðlegu verslunarkeðjurnar sem þær tengjast.

Stjórnendur á sérvöruviði eru: Þrúður Maren Einarsdóttir, fjármálastjóri sérvöruviðs, Ingibjörg Sverrisdóttir, rekstrarstjóri Zara, Hörður Magnússon, rekstrarstjóri Útilífs, Kristín Erla Boland, rekstrarstjóri Debenhams, og Elísabet Inga Marteinsdóttir, rekstrarstjóri tískuvöruverslana.

ÚTILÍF

Útilíf er öflugt og rótgróið smásölufyrirtæki með íþrótt- og útivistarvörur. Útilífsverslanirnar eru þrjár og allar starfræktar á höfuðborgarsvæðinu, í Kringlunni, Smáralind og Glæsibæ þar sem sú fyrsta var opnuð. Að auki sér Útilíf um rekstur útsölumarkaðar á Korputorgi. Fyrirtækið var stofnað árið 1974.

Verslanir Útilífs skiptast í íþróttavörudeild, barnadeild, skódeild, útivistardeild, sunddeild, skíða- og snjóbrettadeild, veiðideild



og hjóladeild. Mikil áhersla er lögð á vandað vöruúrval og bestu mögulegu gæði, en einnig vörur í ýmsum verðflokkum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Útilíf vill veita viðskiptavinum sínum

afburðagóða þjónustu og kappkostar því að í öllum deildum starfi sérfræðingar á viðkomandi sviði.

Á liðnu ári var unnið að breytingum og nútímavæðingu í útliti verslana. Sérdeild fyrir Nike var opnuð í Smáralind og herradeild Nike var opnuð í Kringlu. Útliti allra vegginnréttinga var breytt en einnig var útlit skódeilda tekið í gegn.

Starfsmenn Útilífs eru 77 í 37 stöðugildum.

DEBENHAMS

Debenhams er eina deildaskipta sérvöruverslunin á Íslandi en hún var opnuð í Smáralind árið 2001. Verslunin býður fjölbreytt úrval af dömu- og herrafatnaði, barnafatnaði, undirfötum, skóm, fylgihlutum, heimilisvöru og snyrtivöru. Í versluninni er bæði að finna eigin vörumerki Debenhams og önnur merki.

Á rekstrarárinu var lögð mikil vinna í að tryggja rétt vöruúrval í réttu magni fyrir íslenskan markað. Vel tókst til og mun sú vinna halda áfram næstu misserin.

Auk þess verður lögð áhersla á aukna þjónustu og betri framstillingar til að viðskiptavinurinn fái allar þarfir sínar uppfylltar.

Hjá Debenhams starfa 60 manns í 34 stöðugildum.



ZARA

Zara er ein stærsta tiskuverslunarkeðja heims og selur fatnað og fylgihluti fyrir dómur, herra og börn. Fyrirtækið leggur mikla



áherslu á hönnun eftir nýjustu tiskustraumum, hraða vöruveltu, hagkvæma aðfangakeðju og sanngjarnt verð. Tvær Zara-verslanir eru á Íslandi, önnur í Smáralind sem var opnuð árið 2001 og hin í Kringlu, og hafa þær að mörgu leyti ólíkan karakter. Í Kringlu er meiri áhersla lögð á hversdagsfatnað en í Smáralind á beinan tiskufatnað. Grunnurinn að velgengni vörumerkisins Zara felst í því að greina óskir viðskiptavina og bregðast hratt við þeim. Varan er hönnuð í takt við stefnur og strauma í tiskuheiminum og ráða viðtökur viðskiptavina frekari framleiðslu og vöruþróun. Nákvæmar upplýsingar eru því afar mikilvægar.

Á liðnu ári hóf Zara á Íslandi innleiðingu á RFID (e. Radio

Frequency Identification) sem er rafrænt upplýsingakerfi í verslunarstarfsemi. Þessi tækninýjung styður við stefnuna um að þekkja óskir viðskiptavina og bregðast hratt við þeim. Með innleiðingu á RFID-kerfinu má bæta þjónustuna með vöruúrvali sem samræmist sem best væntingum markaðarins, auka gæði við áfyllingu í verslun og bæta upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Í upphafi rekstrarársins náðust samningar við Inditex og lækkaði verð á öllum vörum verslunarinnar í kjölfarið að meðaltali um 14%. Verðlækkunin mæltist verulega vel fyrir hjá viðskiptavinum.

Starfsmenn Zara eru 65 í 34 stöðugildum.

AÐRAR TÍSKUVÖRUVERSLANIR

Hagar eiga sjö tískuvöruverslanir sem reknar eru undir mismunandi vörumerkjum en öll eru þau rekin með sérleyfis-samningi. Vörumerkin eru fjölbreytt sem gerir fyrirtækinu kleift að ná til ólíkra viðskiptavina með mismunandi þarfir. Í árslok voru 56 starfsmenn í 24 stöðugildum hjá tískuvöruverslunum félagsins.

TOPSHOP

Topshop er leiðandi merki í tískuheiminum og eru verslanirnar um 450 talsins um allan heim. Tvær verslanir eru á Íslandi, í Kringlunni og Smáralind, og bjóða þær upp á mikið úrval af hátísku-fatnaði. Bauð verslunin í Kringlunni m.a. upp á glæsilega fatalínu í samstarfi við Adidas á árinu. Topshop hefur



lagt áherslu á samstarf við þekkt einstaklinga og kom fatalína Kendall og Kylie Jenner í verslanir á árinu og gekk hún vel.

DOROTHY PERKINS

Dorothy Perkins er eitt af stærstu tískuvörumerkjum í Bretlandi en þar í landi eru um 600 verslanir starfræktar. Dorothy Perkins er einnig þekkt alþjóðlega en yfir 120 verslanir eru á heimsvísu og ein af þeim er í Smáralind. Þar er breitt úrval af fatnaði og fylgihlutum á viðráðanlegu verði fyrir tískumeðvitaðar konur.

EVANS

Evans er breskt merki og hefur um árabíl verið leiðandi í sölu á fatnaði í stærðum 14-32. Evans-verslunin í Smáralind býður upp á gott úrval af fatnaði fyrir konur á öllum aldri. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og notalegt andrúmsloft þar sem konur í stærð 14+ finna vandaðan fatnað fyrir öll tækifæri. Verslun Evans í Smáralind verður lokað í sumar.

WAREHOUSE

Fyrsta Warehouse-verslunin var opnuð árið 1976 í Bretlandi. Ein slík verslun er í Kringlunni og einnig er Warehouse-deild í Debenhams í Smáralind. Uppteknar nútímakonur sem vilja fylgja tískunni finna þar mikið úrval fatnaðar og fylgihluta. Mikill metnaður er lagður í að mæta þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

KAREN MILLEN

Verslanir Karen Millen eru staðsettar um allan heim og eru þekktar fyrir hágæðafatnað fyrir vandláta viðskiptavini. Ein verslun er á Íslandi, í Kringlunni, en verslun fyrirtækisins í Smáralind var lokað í febrúar sl. Mikil áhersla er lögð á hönnun hvers einasta smáatriðis og úrvalsefni. Starfsfólk Karen Millen á Íslandi fær mikla þjálfun til að geta veitt afburðagóða þjónustu.



STÆRSTU VERKEFNI ÁRSINS

NÝTT VÖRUHÚS BANANA

Í desember 2013 tilkynntu Hagar að tekin hefði verið ákvörðun um byggingu nýs vöruhúss Banana við Korngarða 1 í Reykjavík. Húsnæði Banana var þá komið til ára sinna og orðið óhentugt fyrir núverandi starfsemi sem og vaxtarmöguleika fyrirtækisins. Strax hófst hönnun við hið nýja vöruhús og hljóðaði kostnaðaráætlun upp á rúman 1,5 milljarð króna.

Framkvæmdir við byggingu hússins hófust í lok árs 2014 og var þá ljóst að þungi fjárfestingarinnar myndi tilheyra rekstrarárinu 2015/16 sem nú var að líða. Framkvæmdir gengu vel og var kostnaður á áætlun.

Starfsemi Banana fluttist í nýja húsnæðið í febrúar 2016 en vöruhúsið er tæpir 5.500 m² að stærð. Öll aðstaða hjá Banönum hefur því tekið miklum og jákvæðum breytingum og veitir húsnæðið fyrirtækinu marga nýja möguleika í starfsemi sinni til framtíðar.

ÞRÍJÁR NÝJAR BÓNUS-VERSLANIR

Bónus opnaði þrjár nýjar verslanir á rekstrarárinu sem var að líða. Sú fyrsta var opnuð við Skipholt í Reykjavík þann 15. ágúst en Hagar höfðu fest kaup á hluta af fasteigninni við Skipholt 11-13. Húsnæðið er rúmir 1.000 m² að stærð og er verslunin hin glæsilegasta.

Þann 10. október opnaði Bónus verslun við Túngötu í Reykjanesbæ en Hagar festu einnig kaup á þeirri fasteign. Verslunin er í rúmlega 600 m² húsnæði en vöruúrvalið spannar

allar söluhæstu vörur fyrirtækisins. Vöruúrvalið er um 60% af því sem í boði er í stærri verslunum fyrirtækisins.

Síðast en ekki síst opnaði Bónus verslun í Vestmannaeyjum þann 6. febrúar sl. og eru þá verslanir fyrirtækisins orðnar 32 um land allt. Verslunin er um 1.200 m² að stærð og hefur fengið frábærar viðtökur hjá Eyjamönnum.

INNLEIÐING Á RFID HJÁ ZARA

Í október 2015 hóf Zara innleiðingu á RFID (e. Radio Frequency Identification) og var fyrst til þess á Íslandi. Þetta kerfi felur í sér byltingu í upplýsingaflæði fyrirtækisins. RFID notar rafsegulsvið til að þekkja og rekja rafræn auðkenni sem geymt er í þjófavörn vörunnar. Þetta gerir starfsfólki kleift að sinna móttöku vörusendingar með meiri hraða, skilvirkni og nákvæmni en áður. Sérsmíðaðar handtölvur lesa rafrænu auðkennin og móttaka vörusendingar er í raun án snertingar. Áfyllingar eru áreiðanlegri og hraðari auk þess sem vörutalningar verða fljótlegri og nákvæmari. Öll birgðastjórnun verður öruggari og síðast en ekki síst er hægt að þjónusta viðskiptavininn mun betur en áður. Starfsmaður getur t.d. með einföldum hætti fundið út hvort vara sé til í búðinni með notkun myndavélar í gegnum iPod.

Tækninýjungin einfaldar svörun við hröðum breytingum eftirspurnar markaðarins og viðbrögðum við tiskustráumum. Með innleiðingu á RFID hefur aðfangakeðjan orðið skilvirkari, þjónustan betri og vöruúrvalið í samræmi við óskir markaðarins.



HLUTHAFAUPPLÝSINGAR

HLUTABRÉFIN

Viðskipti með hlutabréf Haga á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hófust þann 16. desember 2011. Útgefið hlutafé í Högum nemur 1.171.502.190 krónum og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Félagið á engin bréf í sjálfu sér. Auðkenni félagsins er HAGA.


Í lok rekstrarársins, þann 29. febrúar 2016, stóð hlutabréfaverð Haga í 46,9 kr. á hlut, samanborið við 44,1 kr. á hlut í lok febrúar 2015, og hækkuðu bréf félagsins því um 6,3% á síðastliðnu rekstrarári. Verð í lok skráningardags þann 16. desember 2011 var 15,95 kr. á hlut.

HLUTHAFAR

Samkvæmt hlutaskrá félagsins voru hluthafar 960 talsins í lok rekstrarársins, samanborið við 1.124 á sama tíma í fyrra. Stærsti einstaki hluthafinn er Gildi – lífeyrissjóður með 11,36% hlut. Lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins eiga óbeint 12,19% í félaginu en þeir samanstanda af A-, B- og S-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. 20 stærstu hluthafar félagsins eiga samtals 75,12% hlut en sömu hluthafar áttu samtals 73,41% í lok síðasta árs. 20 stærstu hluthafarnir í lok rekstrarársins 2014/15 áttu 74,42% hlut.

ÞRÓUN HLUTABRÉFAVERÐS

frá 16. desember 2011



Listann má sjá hér að neðan:

Ekki urðu stórar breytingar á hluthafahóp félagsins á rekstrarárinu sem var að líða. Mesta breytingin milli ára er hjá Júpíter rekstrarfélagi hf. (Júpíter – Innlend hlutabréf) en það

| | Hluthafi | fjöldi hluta 29.02.2016 | % | fjöldi hluta 28.02.2015 | % |
|----|--|-------------------------|----------------|-------------------------|----------------|
| 1 | Gildi – lífeyrissjóður | 133.064.721 | 11,36% | 133.312.721 | 11,38% |
| 2 | Stefnir – ÍS 15 | 111.956.848 | 9,56% | 97.716.485 | 8,34% |
| 3 | Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins – A-deild | 100.100.000 | 8,54% | 102.510.000 | 8,75% |
| 4 | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 95.851.852 | 8,18% | 95.851.852 | 8,18% |
| 5 | Stapi lífeyrissjóður | 61.719.634 | 5,27% | 50.869.634 | 4,34% |
| 6 | Festa – lífeyrissjóður | 39.812.839 | 3,40% | 39.550.127 | 3,38% |
| 7 | Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins – B-deild | 36.465.000 | 3,11% | 43.069.500 | 3,68% |
| 8 | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 31.197.423 | 2,66% | 25.965.746 | 2,22% |
| 9 | Stafir lífeyrissjóður | 28.766.554 | 2,46% | 26.390.641 | 2,25% |
| 10 | Arion banki hf. | 27.522.100 | 2,35% | 38.607.172 | 3,30% |
| 11 | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 27.440.975 | 2,34% | 14.837.965 | 1,27% |
| 12 | Íslandsbanki hf. | 26.155.708 | 2,23% | 12.022.949 | 1,03% |
| 13 | Landsbréf – Úrvalsbréf | 23.760.936 | 2,03% | 18.144.210 | 1,55% |
| 14 | IS Hlutabréfasjóðurinn | 23.674.867 | 2,02% | 32.847.906 | 2,80% |
| 15 | Júpíter – Innlend hlutabréf | 22.846.432 | 1,95% | 38.673.307 | 3,30% |
| 16 | Vátryggingafélag Íslands hf. | 20.524.650 | 1,75% | 11.611.111 | 0,99% |
| 17 | Virðing safnreikningur | 19.078.473 | 1,63% | 19.724.639 | 1,68% |
| 18 | Fagfjárfestastjóðurinn IHF | 18.729.426 | 1,60% | 10.182.971 | 0,87% |
| 19 | Kvika banki hf. | 15.858.799 | 1,35% | 16.992.323 | 1,45% |
| 20 | Stefnir – ÍS 5 | 15.616.074 | 1,33% | 31.053.252 | 2,65% |
| | 20 stærstu hluthafar samtals | 880.143.311 | 75,12% | 859.934.511 | 73,41% |
| | 940 aðrir hluthafar samtals | 291.358.879 | 24,87% | 311.567.679 | 26,59% |
| | Virkir hlutir samtals | 1.171.502.190 | 100,00% | 1.171.502.190 | 100,00% |
| | Hagar hf. – eigin bréf | 0 | 0,00% | 0 | 0,00% |
| | Útgefnir hlutir samtals | 1.171.502.190 | 100,00% | 1.171.502.190 | 100,00% |

minnkaði hlut sinn um 15,8 milljónir og á nú 1,95% í félaginu en átti 3,3% fyrir ári. Stefmir – ÍS 5 minnkaði einnig hlut sinn, eða um 15,4 milljónir, og á nú 1,33% í félaginu. Stefmir – ÍS 15 og Íslandsbanki juku báðir nokkuð við sinn hlut, um 14,2 milljónir hluta hvor aðili.

Eins og áður segir voru hluthafar í árslok 960 talsins en þeim má skipta í nokkra flokka. 730 einstaklingar eiga hlut í félaginu, samtals um 6,3% af heildarhlutafé, en á sama tíma á fyrra ári voru 884 einstaklingar hluthafar í félaginu með um 7,5%. 36 lífeyrissjóðir eiga 52,9% hlut í félaginu en á fyrra ári áttu 47 lífeyrissjóðir 53,0% hlut í því. Aðrir fjárfestar eru 194 talsins og eiga 40,8% hlut. Á fyrra ári voru aðrir fjárfestar 193 talsins með 39,5% hlut.

| Flokkur | Fjöldi hluta | % Fj. hluthafa | % |
|------------------------|----------------------|----------------|-------------------|
| Einstaklingar | 73.929.653 | 6,3% | 730 76,0% |
| Aðrir fjárfestar | 478.268.959 | 40,8% | 194 20,2% |
| Lífeyrissjóðir | 619.303.578 | 52,9% | 36 3,8% |
| Eigin bréf | 0 | 0,0% | 0 0,0% |
| Hlutafé samtals | 1.171.502.190 | 100,0% | 960 100,0% |

Í næstu töflu hér á eftir má sjá dreifingu hluta í félaginu í árslok. Flestir hluthafar, 515 talsins, eiga 10.000-99.999 hluti eða 1,7% hlutafjár. 19 hluthafar eiga 47,7% hlutafjár og 3 stærstu hluthafarnir, með yfir 100.000.000 hluti, eiga 29,5% í félaginu.

| Fj. hluta | Fj. hluthafa | % | Fj. hluta | % |
|-----------------------|--------------|-------------|----------------------|-------------|
| 1-9.999 | 148 | 15,4% | 756.515 | 0,1% |
| 10.000-99.999 | 515 | 53,6% | 19.621.279 | 1,7% |
| 100.000-499.999 | 181 | 18,9% | 33.240.476 | 2,8% |
| 500.000-999.999 | 36 | 3,8% | 23.335.382 | 2,0% |
| 1.000.000-4.999.999 | 44 | 4,6% | 88.490.747 | 7,6% |
| 5.000.000-9.999.999 | 14 | 1,5% | 102.165.040 | 8,7% |
| 10.000.000-99.999.999 | 19 | 2,0% | 558.771.282 | 47,7% |
| > 100.000.000 | 3 | 0,3% | 345.121.569 | 29,5% |
| | 960 | 100% | 1.171.502.190 | 100% |

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Haga hf. árið 2016 verður haldinn þann 3. júní nk. og hefst hann kl. 09:00. Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík. Dagskrá fundarins og tillögur stjórnar hafa þegar verið auglýstar en niðurstöður fundarins verða birtar í Kauphöll og á vefsíðu félagsins strax að honum loknum.

ARÐGREIÐSLUSTEFNA

Stjórn Haga hefur mótað arðgreiðslustefnu félagsins en hana má sjá í heild sinni á bls. 30.

Stjórn Haga mun leggja til við aðalfund félagsins að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2015/16 sem nemur 1,7 krónu á hlut, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan mun því nema um 1.992 milljónum króna, eða 56,7% af hagnaði nýliðins rekstrarárs.

FJÁRHAGSDAGATAL



Eftirfarandi fjárhagsdagatal fyrir rekstrarárið 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017 hefur verið samþykkt af stjórn félagsins:

| Tímabil | Birtingardagur |
|------------------|----------------|
| 1. ársfjórðungur | 29.06.2016 |
| 2. ársfjórðungur | 27.10.2016 |
| 3. ársfjórðungur | 12.01.2017 |
| 4. ársfjórðungur | 15.05.2017 |
| Aðalfundur 2017 | 07.06.2017 |



Próun hlutabréfaverðs

EBIDTA



milljónir króna

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING HAGA HF.

HLUTAFÉLAGIÐ HAGA HF.

Stjórnarhættir Haga hf. eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins í kafla 1, hlutafé í kafla 2, hluthafafundi í kafla 3, um stjórn og forstjóra í kafla 4 og 5 og um reikningshald og endurskoðun í kafla 6. Gildandi starfsreglur, sem voru samþykktar af stjórn 15. apríl 2016, eru settar skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og eru samþykktum félagsins til fyllingar, samanber grein 4.20 í samþykktum. Gildandi siðareglur, sem taka til allra starfsmanna Haga hf. og dótturfélaga þess, hafa einnig áhrif á stjórnarhætti félagsins, en þær voru samþykktar af stjórn Haga hf. þann 29. apríl 2015. Gildandi starfskjarastefna Haga hf. var staðfest á aðalfundi þess 4. júní 2015, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda samstæðunnar. Endurskoðuð starfskjarastefna verður lögð fyrir næsta aðalfund félagsins þann 3. júní 2016.

Stjórn Haga hf. telur stjórnarhætti félagsins vera í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins að öllu leyti nema hvað varðar neðangreinda þætti:

- Stjórn félagsins hefur ekki skipað tilnefningarnefnd. Stjórn hefur hingað til sinnt þeim verkefnum sem tilnefningarnefnd myndi annars sinna, fyrir utan að tilnefna menn til stjórnasetu. Er það mat stjórnar að það fyrirkomulag hafi gefist vel. Stjórn er þó með það til skoðunar hvort rétt sé að skipa tilnefningarnefnd og hvaða útfærsla væri þá ákjósanleg.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu 2012, má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Hagar hf. birta reglur og annað efni sem leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja gera ráð fyrir að félög birti á vefsíðu sinni á sérstöku svæði fyrir hjárfesta á vef félagsins, www.hagar.is. Þar má meðal annars finna starfsreglur stjórnar, starfskjarastefnu og arðgreiðslustefnu. Yfirlýsing þessi er einnig aðgengileg á vef félagsins auk þess sem hún er birt í styttri útgáfu í skýrslu stjórnar í ársreikningi og í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess, sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Hlutabréf félagsins eru rafræn og skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins. Fundargerðir hluthafafunda, sem haldnir hafa verið eftir að hlutir félagsins voru teknir til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins innan sjö daga frá hluthafafundi.

Gildi, siðareglur, jafnréttisstefna og samfélagsleg ábyrgð

Hagar hf. og dótturfélög deila sjö gildum sem höfð eru að leiðarljósi í starfsemi. Gildin lúta að þjónustu við viðskiptavinum, hegðun starfsmanna og ábyrgð þeirra í starfi. Þessi gildi eru talin upp hér að neðan.

Stjórn Haga hf. hefur sett félaginu og dótturfélögum siðareglur sem samþykktar voru á stjórnarfundi 29. apríl 2015. Siðareglurnar eru aðgengilegar á vef félagsins, www.hagar.is.

Þann 15. maí 2014 samþykkti stjórn félagsins jafnréttisstefnu

Ábyrgð Það veltur á okkur fyrst og fremst með hvaða hugarfari við göngum til verka og hvaða árangri við náum.

Við erum dugleg Við vinnum vel og hlífum okkur ekki, af því að við vitum að þannig tekst okkur að bæta hag viðskiptavina okkar.

Heiðarleiki Við gerum alltaf rétt og segjum alltaf satt, af því að við viljum ekki bregðast því trausti sem samstarfsmenn og viðskiptavinir sýna okkur.

Hreinskilni Við liggjum ekki á skoðun okkar og okkur þykir sjálfsagt og eðlilegt að segja það sem okkur finnst.

Ekkert bruðl Við berum virðingu fyrir þeim verðmætum sem okkur er treyst fyrir.

Enginn leikmaður er mikilvægari en liðið Samvinna stuðlar að betri heildarárangri.

Gerum betur í dag en í gær Við gerum betur í dag en í gær og erum stöðugt að leita að nýjum leiðum til að skila meiri árangri í starfi, bæta verslanir okkar og þjóna viðskiptavinum.

Haga hf. en markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu kynjanna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum einstaklinga á sem flestum sviðum. Jafnréttisstefnuna má sjá í heild sinni á vef félagsins, www.hagar.is.

Hagar hafa alla tíð lagt mikinn metnað í að sinna vel samfélagslegum skyldum, bæði gagnvart starfsfólki sínu, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og öðrum hagsmunaaðilum. Hagar er stórt félag og því mikilvægt að vanda sig vel því ábyrgð þess nær til alls samfélagsins og umhverfisins. Félagið vill láta gott af sér leiða og hefur lagt samfélaginu lið með ýmsum hætti í gegnum tíðina. Hagar eru aðilar að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð.

Stjórn

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin var kjörin á aðalfundi 4. júní 2015. Stjórnina skipa Kristín Friðgeirsdóttir (formaður), Erna Gísladóttir, Salvör Nordal, Sigurður Arnar Sigurðsson (varaformaður) og Stefán Árni Auðólfsson. Stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar svo sem um trúnaðarstörf fyrir aðra aðila, stjórnarsetu í öðrum félögum og möguleg hagsmunatengsl til að auðvelda mat á hæfi þeirra. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum þess. Samsetning stjórnar uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta sem tóku gildi 1. september 2013. Nánari upplýsingar um stjórn félagsins eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Stjórn félagsins hefur sett sér sérstakar starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega og voru gildandi starfsreglur samþykktar af stjórn 15. apríl 2016. Í starfsreglunum er meðal annars kveðið á um störf stjórnarinnar, ábyrgð hennar og verkaskiptingunni. Sérstaklega er fjallað um skyldur formanns stjórnar í reglunum, en þar er hvorki getið um að stjórn útbúi sérstaka starfslýsingu fyrir formann né aðra stjórnarmenn. Samkvæmt starfsreglunum kys stjórn sér formann og varaformann á fyrsta fundi. Ekki er kjörið til annarra embætta. Samkvæmt starfsreglunum ber stjórn að hittast a.m.k. einu sinni á ári án formanns til að meta frammistöðu hans. Henni ber einnig að meta árlega sín eigin störf, störf forstjóra og undirnefnda. Stjórnin hefur metið störf sín, störf formanns og forstjóra fyrir starfsárið 2015-2016. Árangursmat stjórnar (sjálfsmatið) verður lagt til grundvallar til að bæta störf stjórnar enn frekar á komandi starfsári en eftirfarandi atriði voru tekin til umræðu við gerð árangursmatsins: Hlutverk og ábyrgðarsvið stjórnar, verklag stjórnar, upplýsingagjöf og stjórnarfundir. Við mat á störfum formanns og forstjóra var stjórn sammála um að störf þeirra væru til fyrirmyndar og í samræmi við þau lög og reglur sem fyrir liggja. Hvorki stjórnarmenn né forstjóri mega taka þátt í ákvörðunum þar sem þeir sjálfir hafa verulegra hagsmuna að gæta.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir á aðalskrifstofu Haga hf., mánaðarlega hið minnsta. Í nokkrum tilfellum árlega er stjórnarfundur haldinn hjá dótturfélagi innan samstæðunnar. Árlega er samþykkt fundaaætlun ár fram í tímann. Fundina sitja, auk stjórnarmanna, forstjóri og fjármálastjóri félagsins. Einfeldur meirihluti stjórnarmanna ræður kjöri á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða. Fundargerðir stjórnarfunda ritar fjármálastjóri. Fundargerðir

eru sendar stjórnarmönnum með tölvupósti innan nokkurra daga frá fundi og eru þær staðfestar á næsta stjórnarfundum á eftir. Starfsárið 2015-2016 voru haldnir 14 stjórnarfundir og var meirihluti stjórnar mættur í öllum tilfellum. Auk þess voru haldnir 2 vinnufundir stjórnar. Hluti stjórnarmanna var í nokkrum tilvikum viðstaddur fund í gegnum fjarskiptabúnað.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Bein samskipti hluthafa við stjórn skulu vera við formann stjórnar. Stjórn félagsins skal upplýst um tillögur, spurningar eða athugasemdir hluthafa utan hluthafafunda til stjórnar og stjórn félagsins skal hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim. Hluthafar geta komið tillögum, fyrirspurnum og athugasemdum á framfæri við stjórn félagsins í gegnum netfangið stjorn@hagar.is. Allir stjórnarmenn munu sjálfkrafa fá afrit af tölvupóstum sem berast á netfang stjórnar.

Undirnefndir stjórnar

Stjórn Haga hf. hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Nefndarmenn eru þrír í hvorri nefnd og þurfa a.m.k. tveir þeirra að vera óháðir félaginu og stjórnendum þess.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Nefndinni ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar félagsins. Endurskoðunarnefnd skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur og stöðu félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu þess á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd skal enn fremur yfirfara stjórnarháttayfirlýsingu þessa. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Starfskjaranefnd annast það hlutverk stjórnar að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins, tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmd starfssamninga við forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra undir stjórn félagsins. Starfskjaranefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Endurskoðunarnefndina skipa nú Erna Gísladóttir, stjórnarmaður í Högum hf., Salvör Nordal, stjórnarmaður í Högum hf., og Sigrún K. Sigurjónsdóttir, viðskiptafræðingur og sérfræðingur í reikningshaldi og fjármálum, sem er formaður nefndarinnar. Starfskjaranefnd skipa nú Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður í Högum hf., Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður í Högum hf. og Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður í Högum hf. Kristín er formaður nefndarinnar. Nefndarmenn endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar eru allir óháðir endurskoðendum Haga hf., daglegum stjórnendum félagsins og stórum hluthöfum þess.

Undirnefndir stjórnar hafa sett sér starfsreglur sem skulu yfirfarnar árlega og samþykktar af stjórn. Núgildandi starfsreglur endurskoðunarnefndar voru samþykktar á stjórnarfundum félagsins þann 15. apríl 2016. Núgildandi starfsreglur starfskjaranefndar voru einnig samþykktar á stjórnarfundum félagsins þann 15. apríl 2016.

Starfsárið 2015-2016 hélt endurskoðunarnefnd sex fundi og mættu allir nefndarmenn á alla fundina. Starfskjaranefnd hélt

VELTUHRAÐI FJÁRMUNA



tíu fundi og mættu allir nefndarmenn á alla fundina eða tóku þátt í gegnum fjarskiptabúnað, nema á tvo fundi þar sem einn nefndarmaður var fjarverandi.

Starfsreglur undirnefnda stjórnar eru aðgengilegar á vef félagsins, www.hagar.is.

Forstjóri

Forstjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnu og fyrirsmáli stjórnar, lög, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Starfslýsing forstjóra kemur fram í ráðningarsamningi hans.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og fjárreiður þess séu með tryggum hætti. Forstjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Forstjóri Haga hf. er Finnur Árnason. Staðgengill forstjóra er Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga hf. Nánari upplýsingar um forstjóra eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Innra eftirlit og áhættustýring

Félagið kappkostar að hafa fullnægjandi innra eftirlit á hinum ýmsu sviðum. Innra eftirlit Haga hf. felst í eftirliti með starfsemi félagsins í því skyni að fyrirbyggja og greina hugsanleg mistök og sviksemi birgja, starfsmanna og

viðskiptavina félagsins. Félagið hefur lagt áherslu á að efla eftirlit og auka öryggisráðstafanir. Hjá Högum hf. er m.a. í þessu skyni starfrækt sérstök öryggisdeild sem hefur á að skipa sérhæfðu starfsfólki í eftirliti með öllu sem viðkemur rekstri verzlana félagsins. Einnig er starfandi á aðalskrifstofu Haga hf. starfsmaður sem hefur innra eftirlit að sínu aðalstarfi og heyrir hann undir fjármálastjóra félagsins. Hlutverk hans og öryggisdeildar Haga hf. er að hafa eftirlit með því að viðeigandi verklagsreglum sé fylgt í daglegum rekstri félagsins. Í því skyni er m.a. beitt sérhæfðum upplýsingakerfum. Stjórn Haga hf. hefur falið endurskoðunarnefnd að hafa vakandi auga með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.

Ytri endurskoðun

Endurskoðendur félagsins eru kosnir til eins árs í senn á aðalfundi. Endurskoðendur félagsins eða aðilar þeim tengdir mega ekki eiga hlutabréf í því. Endurskoðendur skulu endurskoða bókhald félagsins á grundvelli alþjóðlegra reikningskilastaðla. Þeir gera ýmsar kannanir á bókhaldi félagsins og hafa ávallt óhindraðan aðgang að bókhaldi og öllum gögnum félagsins. Stjórn félagsins fær árlega í hendur sérstaka endurskoðunarskýrslu frá endurskoðendum þess þar sem fram koma helstu athugasemdir þeirra við bókhaldið.

Endurskoðandi Haga hf. er KPMG ehf. og hefur Símon Á. Gunnarsson séð um endurskoðunina frá árinu 2011.

UPPLÝSINGAR UM STJÓRNARMENN, FORSTJÓRA OG HELSTU LYKILSTJÓRNENDUR


| Nafn | Kristín Friðgeirsdóttir |
|---------------|--|
| Fæðingardagur | 9. ágúst 1971. |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. |
| Menntun | Ph.D. í rekstrarverkfræði frá Stanford University 2002, M.Sc. í rekstrar- og fjármálaverkfræði frá Stanford University 1997, B.Sc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995. |
| Fyrst kjörin | 11. maí 2011. |
| Stjórnarseta | Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Tryggingamiðstöðin hf., Distica hf., Háskólaráð Háskólans í Reykjavík ehf. Kristín hefur ekki setið í stjórn annarra félaga síðustu fimm ár. |
| Starfsreynsla | Kristín kennir við London Business School og stundar ráðgjöf, rannsóknir og kennslu á sviði ákvarðanatöku, áhættustýringar, verðlagningar og tekjustýringar. Hún hefur starfað sem ráðgjafi hjá McKinsey, Intel, AMD, Yahoo og öðrum internet- og fjármálafyrirtækjum og kennir stjórnendum erlendra fyrirtækja ákvarðanatöku, s.s. Mars, Lufthansa, Oman Oil og Lloyds. |
| Hlutabréfæign | Hvorki Kristín né aðilar henni fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. |




| Nafn | Erna Gísladóttir | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 5. maí 1968. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | MBA frá IESE Barcelona 2004, B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991. | |
| Fyrst kjörin | 1. mars 2010. | |
| Stjórnarseta | <p>Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): EGG ehf. (framkvæmdastjóri), EGG fasteignir ehf. (varamaður), Eldhúsvörur ehf. (stjórnarformaður), Hregg ehf. (varamaður), BL ehf. (framkvæmdastjórn), BLIH eignarhald hf. (stjórnarformaður), SF 1 slhf. (stjórnarformaður), SF1 GP ehf. (stjórnarformaður), Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (stjórnarformaður).</p> <p>Fyrrum seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) og stofnana á síðustu fimm árum: Betri bílar ehf. (stjórnarformaður), Ingvar Helgason ehf. (stjórnarformaður), THOR Data Center ehf., Bankaráð Seðlabanka Íslands, Saltco ehf., Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (stjórnarformaður).</p> | |
| Starfsreynsla | Erna er forstjóri og eigandi BL ehf. Erna er ræðismaður Suður-Kóreu á Íslandi. Erna var forstjóri Bifreiða & landbúnaðarvéla hf. 2003-2008 og einn af eigendum þess félags, en hún var framkvæmdastjóri hjá B&L 1991-2003. | |
| Hlutabréfaeign | Erna á engin hlutabréf í Högum hf. beint. Hún er fjárhagslega tengd Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem eiga 6.888.889 hluti í Högum hf. | |


| Nafn | Salvör Nordal | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 21. nóvember 1962. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | Ph.D. í heimspeki frá Háskólanum í Calgary 2014, M.Phil í Social Justice frá Háskólanum í Stirling 1992, B.A. í heimspeki frá Háskóla Íslands 1989. | |
| Fyrst kjörin | 5. júní 2014. | |
| Stjórnarseta | <p>Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Hugljómun ehf. (varamaður og framkvæmdastjóri).</p> <p>Fyrrum seta í stjórnnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Salvör sat í stjórn Samtaka fjárfesta, nú Samtök sparifjáreigenda, á árunum 2007-2008 og aftur 2010-2012.</p> | |
| Starfsreynsla | Salvör er forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og hefur sinnt því starfi frá árinu 2001. Salvör hefur starfað sem háskólakennari frá árinu 1998, var í vinnuhópi um siðferði og starfshætti í tengslum við Rannsóknarnefnd Alþingis um fall bankanna, formaður Stjórnlagaráðs 2011, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins 1989-1994 og framkvæmdastjóri Listahátíðar 1986. Auk þess hefur Salvör setið í Fjölmíðla-nefnd frá árinu 2011 og sinnt margs konar fjölmíðla- og trúnaðarstörfum. Salvör situr í stjórn sjóðs Samtaka sparifjáreigenda fyrir hönd samtakanna. | |
| Hlutabréfaeign | Hvorki Salvör né aðilar henni fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. | |


| Nafn | Sigurður Arnar Sigurðsson | |
|----------------|---|---|
| Fæðingardagur | 9. janúar 1964. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | Cand. oecon. frá Háskóla Íslands 1991. | |
| Fyrst kjörinn | 5. júní 2014. | |
| Stjórnarseta | Seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): CIBUS ehf. (framkvæmdastjórn), Framsýn ehf. (framkvæmdastjórn), Metex ehf. Fyrrum seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga á síðustu fimm árum: Steinull hf. (stjórnarformaður). | |
| Starfsreynsla | Sigurður Arnar er forstjóri eigin fyrirtækis sem sinnir ráðgjafa- og fjárfestingastarfsemi. Sigurður Arnar var áður forstjóri Húsamiðjunnar 2010-2013, forstjóri Kaupáss 2004-2006, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Byko 2000-2004 og framkvæmdastjóri Elko 1997-2000. Á árunum 1993-1996 var Sigurður Arnar eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækis í matvælaíðnaði og 1990-1993 starfaði hann við endurskoðun hjá Arthur Andersen og KPMG ehf. | |
| Hlutabréfaeign | Hvorki Sigurður Arnar né aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. | |


| Nafn | Stefán Árni Auðólfsson | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 21. júlí 1972. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | Lögfræðingur (Cand. jur) frá Háskóla Íslands 1999 og framhaldsmenntun (LL.M.) frá Háskólanum í Kent í Bretlandi 2003. Réttindi sem héraðsdómslögmaður 2000 og próf í verðbréfavíðskiptum 2007. | |
| Fyrst kjörinn | 7. júní 2013. | |
| Stjórnarseta | Seta í stjórnnum eftirtalinnna félaga: Eik fasteignafélag hf. (stjórnarformaður), Hváll ehf. (stjórnarformaður), Eglá hf., Síminn hf., Cambridge Plaza Venture Company ehf., Cambridge Plaza Port Company ehf., Cambridge Plaza Hotel Company ehf., BioStem Iceland ehf. Fyrrum seta í stjórnnum annarra eftirtalinnna félaga á síðustu fimm árum: GGX ehf. (varamaður), Kögn ehf., Rekstrarfélag Eikar ehf. (stjórnarformaður), EF1 hf. (stjórnarformaður), Skeifan 8 ehf., Ingólfsstræti 1a ehf., Suðurlandsbraut 20 ehf., Klapparstígur 27 ehf., Skjárinn ehf. | |
| Starfsreynsla | Stefán Árni starfar sem lögmaður hjá Lögmonnum Bárugötu slf. Stefán Árni hefur áður sinnt störfum hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 2005-2011, á nefndasviði Alþingis 2003-2005, á Fortis lögmansstofu 1999-2005 og Eignamiðlun ehf. fyrir það. | |
| Hlutabréfaeign | Hvorki Stefán Árni né aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. | |


Hér að neðan er að finna helstu upplýsingar um forstjóra og aðra lykilstjórnendur Haga hf.

| Nafn | Finnur Árnason | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 12. september 1961. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | MBA frá University of Hartford 1987, Cand. oecon. frá Háskóla Íslands 1985. | |
| Stjórnarseta | Seta í stjórnum eftirtalinnna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Eignarhaldsfélagið Dagar ehf., Ferskar kjötvörur ehf. (stjórnarformaður), Hagar verslanir ehf. (framkvæmdastjóri), Íshöfn ehf., Noron ehf. (stjórnarformaður), M50 ehf., Gargon ehf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnnum annarra eftirtalinnna félaga og samtaka á síðustu fimm árum: Háskólinn á Bifröst ses., P/F SMS, DBH Ísland ehf. (stjórnarformaður), Sólhöfn ehf. (stjórnarformaður), Smáralind ehf., Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu. | |
| Starfsreynsla | Finnur hefur verið forstjóri Haga frá árinu 2005. Hann var framkvæmdastjóri Hagkaups árin 2000-2005 og framkvæmdastjóri Nýkaups 1998-2000. Finnur var sölu- og markaðsstjóri Sláturfélags Suðurlands 1989-1998 og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Góðs fólks 1987-1989. | |
| Hlutabréfaeign | Finnur á 4.163.557 hluti í Högum hf. Aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga 1.235.172 hluti. | |
| Nafn | Guðrún Eva Gunnarsdóttir | |
| Fæðingardagur | 9. september 1978. |  |
| Starfsstöð | Hagar hf., Hagasmári 1, 201 Kópavogur. | |
| Menntun | B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2002. | |
| Stjórnarseta | Stjórnarmaður í Noron ehf. og Ferskum kjötvörum ehf. Varamaður í stjórn Eignarhaldsfélagsins Daga ehf. (og framkvæmdastjórn), Haga verslana ehf., Íshafnar ehf. (og framkvæmdastjórn) og Record Records ehf. Fyrrum seta í stjórnnum annarra félaga á síðustu fimm árum: DBH Ísland ehf., Sólhöfn ehf. | |
| Starfsreynsla | Guðrún Eva var ráðin fjármálastjóri Haga í maí 2010. Þá hafði hún gegnt starfi fjármálastjóra Hagkaups frá árinu 2007 og starfi fjármálastjóra Banana og Ferskra kjötvara 2006-2007. Fram að þeim tíma starfaði hún á aðalskrifstofu Haga 2005-2006, en í fjárhagsdeild 10-11 og sérvörusviði Haga (áður Baugs) 2001-2005. | |
| Hlutabréfaeign | Hvorki Guðrún Eva né aðilar henni fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. | |

| Nafn | Guðmundur Marteinnsson | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 18. apríl 1965. |  |
| Starfsstöð | Bónus, Skútuvogur 13, 104 Reykjavík. | |
| Menntun | Stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1986 og vélstjóri frá Vélaskóla Íslands 1991. | |
| Stjórnarseta | Stjórnarmaður í Ferskum kjötvörum ehf. Guðmundur hefur ekki setið í stjórn annarra félaga síðustu fimm ár. | |
| Starfsreynsla | Guðmundur hóf störf hjá Bónus árið 1992 og hefur gengið þar í öll störf. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra árið 1998. | |
| Hlutabréfaeign | Guðmundur á 1.008.513 hluti í Högum hf. Aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga 1.285.172 hluti. | |

| Nafn | Gunnar Ingi Sigurðsson | |
|----------------|--|--|
| Fæðingardagur | 12. september 1967. |  |
| Starfsstöð | Hagkaup, Holtagarðar, Holtavegur, 104 Reykjavík. | |
| Menntun | B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifrost 2005. | |
| Stjórnarseta | Fyrrum seta í stjórnnum annarra félaga á síðustu fimm árum: Ferskar kjötvörur ehf. | |
| Starfsreynsla | Gunnar Ingi var ráðinn framkvæmdastjóri Hagkaups 2005, en var rekstrarstjóri Hagkaups 1998-2005 og framkvæmdastjóri Bónusbirgða 1997-1998. Hann var sölustjóri Nóa-Sírius 1993-1997. | |
| Hlutabréfaeign | Gunnar Ingi á 1.217.586 hluti í Högum hf. | |

| Nafn | Kjartan Már Friðsteinsson | |
|----------------|--|---|
| Fæðingardagur | 4. mars 1951. |  |
| Starfsstöð | Banana ehf., Súðarvogur 2e, 104 Reykjavík. | |
| Menntun | Cand. oecon. frá Háskóla Íslands 1977. | |
| Stjórnarseta | Ekki fyrir hendi síðustu fimm ár. | |
| Starfsreynsla | Kjartan hefur verið framkvæmdastjóri Banana frá árinu 1995. Hann var framkvæmdastjóri hjá Ásgeiri Sigurðssyni hf. 1983-1995 og skrifstofustjóri hjá Gunnari Eggertssyni hf. 1977-1983. | |
| Hlutabréfaeign | Kjartan á 185.171 hluti í Högum hf. | |

| Nafn | Lárus Óskarsson | |
|----------------|---|---|
| Fæðingardagur | 4. desember 1960. |  |
| Starfsstöð | Aðföng, Skútuvogur 7, 104 Reykjavík. | |
| Stjórnarseta | Ekki fyrir hendi síðustu fimm ár. | |
| Starfsreynsla | Lárus hefur verið framkvæmdastjóri Aðfanga frá árinu 1998. Fram að því var hann innkaupa- og markaðsstjóri matvöru hjá Hagkaup frá 1993, en hafði áður sinnt innkaupum og rekstri ávaxta- og grænmetislagers Hagkaups frá 1991 og innkaupum matvöru og sérvöru fyrir Hagkaup frá 1988. Hann annaðist rekstur vöruhúss og dreifingar sem og innkaup hjá Sláturfélagi Suðurlands 1980-1988. | |
| Hlutabréfaeign | Hvorki Lárus né aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga hlutabréf í Högum hf. | |

Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur eða annað starfsfólk. Enginn stjórnenda hefur hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa Haga hf.

Starfskjarastefna

Tilgangur starfskjarastefnu Haga hf. er að félagið og dótturfélög þess séu samkeppnishæf um starfsfólk. Starfskjarastefnan er einn liður í að tryggja langtímahagsmuni eigenda félagsins, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnarmönnum er greidd föst, mánaðarleg þóknun. Upphæð hennar er nú kr. 250.000 á mánuði. Laun formanns stjórnar eru tvöföld sú fjárhæð. Þóknun til stjórnarmanna er ákveðin á aðalfundi ár hvert.

Starfskjör forstjóra eru tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi við hann. Þar koma fram helstu skyldur hans og ábyrgðarsvið, föst laun, árangurstengdar greiðslur, lífeyrisréttindi, orlof og önnur hlunnindi.

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda eru á sama hátt tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum.

Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar. Þá skal gera grein fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar.

Gera skal grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Helstu úrskurðir og dómar tengdir Högum hf.

Undanfarin ár hafa ýmsir úrskurðir og dómar fallið er varða Haga hf., eins og eðlilegt er hjá stórum félögum. Nokkur mál eru í gangi í dag, bæði hjá dómstólum og eftirlits- og úrskurðaraðilum, er varða félagið. Ekkert þeirra er talið geta haft mikil áhrif á rekstrarafkomu félagsins.

Kópavogi, 15. apríl 2016

Kristín Friðgeirsdóttir

Erna Gísladóttir

Salvör Nordal

Sigurður Arnar Sigurðsson

Stefán Árni Auðólfsson



Ný verslun Bónus í Vestmannaeyjum

Starfskjaranefnd hefur gætt að framkvæmd gildandi starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 2015. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir stjórn félagsins. Stjórnarmenn hafa fengið greidd laun fyrir stjórnarsetu í samræmi við ákvörðun hluthafafundar, og föst mánaðarleg þóknun hefur verið ákveðin fyrir störf nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Launakjör stjórnenda félagsins eru ákveðin í skriflegum samningum, bæði hvað varðar föst og breytileg kjör. Sundurliðaðar upplýsingar hafa verið veittar um laun forstjóra og annarra lykilstjórnenda í

ársskýrslu. Kjör annarra starfsmanna byggja á skriflegum ráðningarsamningum eða eru grundvölluð á ákvæðum kjarasamninga eins og venja er fyrir á vinnumarkaði. Stjórn félagsins hefur ekki gert samninga við starfsmenn eða sett reglur um kauprétti á hlutabréfum í félaginu á starfsárinu. Jafnréttissjónarmiðum er fylgt eftir með framkvæmd jafnréttisstefnu Haga. Það er mat nefndarinnar að greiðslur launa og annarra kjara til stjórnar og starfsmanna séu í samræmi við starfskjarastefnuna og hafa engin frávik verið bókuð sem upplýsa ber hluthafafund um.

TILLAGA AÐ STARFSKJARASTEFNU HAGA HF.

Um stefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnarmanna, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, sbr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995.

1. Markmið

Það skal haft að markmiði við gerð samninga um starfskjör, að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða skal félagið bjóða samkeppnishæft laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum. Nauðsynlegt er að hlúa vel að kjörum stjórnenda félagsins svo að félagið njóti starfskrafta þeirra og hæfileika sem allra best og þannig að hagur þeirra og félagsins fari saman. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er liður í að tryggja langtímahagsmunum eigenda félagsins, stjórnenda og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gagnsæjum hætti. Félagið hefur ekki sett sér markmið eða stefnu um launagreiðslur til stjórnenda í formi hlutabréfaréttinda. Komi til þess að slík markmið eða stefna verði mótuð skal gera tillögu um þau í starfskjarastefnu og leggja fyrir hluthafafund til samþykktar áður en þau koma til framkvæmda. Félaginu er hvorki heimilt að veita stjórnarmönnum, forstjóra eða öðrum stjórnendum félagsins lán né gangast í ábyrgð fyrir þá. Undir þetta falla þó ekki venjulega viðskiptalán sem geta almennt talist hefðbundin í rekstri félags.

2. Starfskjaranefnd

Stjórn félagsins skal skipa starfskjaranefnd sem skipuð er þremur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir félagsstjórn og framkvæmdastjórn um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Nefndin skal jafnframt fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins.

3. Starfskjör stjórnar

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, sbr. 79. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Stjórnin gerir tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnun taka mið af þeim tíma

sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging er gildi fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur vegna starfa þeirra fyrir félagið. Þá skal tillaga um laun stjórnarmanna vegna starfa í undirnefndum einnig lögð fyrir aðalfund félagsins.

4. Starfskjör forstjóra

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra félagsins og skulu kjör hans vera samkeppnishæf. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af ábyrgðarskyldum, menntun, reynslu og fyrri störfum. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest. Heimilt er að semja við forstjóra um upphafsgreiðslu vegna ráðningar hans að félaginu. Þá er heimilt að greiða forstjóra launagreiðslur sem tengjast árangri í rekstri hvers árs, en slíkar greiðslur skulu ákveðnar út frá skýrum viðmiðum og taka mið af heildarhagsmunum félagsins til langs tíma. Þess skal sérstaklega gætt að þessar greiðslur hvetji til árangurs í samræmi við rekstrarmarkmið félagsins og samræmist góðum viðskiptaháttum. Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

5. Starfskjör annarra æðstu stjórnenda

Forstjóri ræður og semur við aðra æðstu stjórnendur og forstjóra dótturfélaga þar sem við á, og skal við gerð ráðningarsamninga taka mið af viðmiðum laga og stefnu félagsins. Heimilt er að semja um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra greiðslna, lífeyrissamninga og starfslokasamninga. Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins. Þá skal einnig taka mið af afkomu félagsins og samningar um umbun skulu vera í samræmi við hana.

6. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi þess og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Starfskjarastefna félagsins er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa í fundargerðarbók stjórnar sérstaklega öll veruleg frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Stjórnin skal upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins, áætluðum kostnaði vegna þess og skýra frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu.

Starfskjarastefna þessi var samþykkt af stjórn félagsins þann 15. apríl 2016. Starfskjarastefnan er endurskoðuð einu sinni á ári og verður lögð fyrir aðalfund félagsins þann 3. júní 2016 til samþykktar eða synjunar. Starfskjarastefnan er óbreytt frá fyrra ári.

ARÐGREIÐSLUSTEFNA HAGA HF.

Eftirfarandi arðgreiðslustefna var samþykkt af stjórn félagsins þann 15. apríl 2016.


Stjórn Haga hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni stefnir félagið að reglubundnum arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum, skv. formlegri endurkaupaáætlun, í þeim tilgangi að lækka hlutfé félagsins, sé svigrúm til þess. Á

undanförnum árum hefur félagið greitt niður skuldir, en stjórn telur ekki frekari þörf á niðurgreiðslu skulda umfram ákvæði lánsamninga.

Stefnt er að því að Hagar hf. greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Að auki mun félagið, ef tækifæri gefast, kaupa eigin bréf og kaupa fasteignir á hagstæðu verði sem nýtast félaginu í starfsemi sinni. Ef fjárfest er í fasteignum er stefnt að því að eiginfjárframlag félagsins verði að lágmarki 30% af kaupverði.



NÝTING REKSTRARFJÁRMUNA



Bíðtími birgða

dagar



HAGAR HF.
ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
29. FEBRÚAR 2016

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 34 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 37 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 39 |
| Efnahagsreikningur | 40 |
| Eiginfjárfirlit | 41 |
| Sjóðstremisýfirlit | 42 |
| Skýringar | 43 |
| Fylgiskjal: Ársfjórðungayfirlit | 58 |

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur 29. febrúar 2016 samanstendur af samstæðuársreikningi Hagar hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem „samstæðunnar“.

Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti yfir heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 3.596 millj. kr. Eigið fé í lok reikningsársins nam 16.368 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok reikningsárs 1.172 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 1.124 í byrjun rekstrarársins og 960 í lok þess. Tíu stærstu hluthafar eru eftirfarandi:

| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---|-----------|-----------|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) | 12,19% | 13,07% |
| Gildi – lífeyrissjóður | 11,36% | 11,38% |
| Stefnir – ÍS 15 | 9,56% | 8,34% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 8,18% | 8,18% |
| Stapi lífeyrissjóður | 5,27% | 4,34% |
| Festa – lífeyrissjóður | 3,40% | 3,38% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,66% | 2,22% |
| Stafir lífeyrissjóður | 2,46% | 2,25% |
| Arion banki hf. | 2,35% | 3,30% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 2,34% | 1,27% |

Stjórn félagsins mun leggja til á aðalfundi félagsins að greiddur verði 1,70 kr. arður á hlut til hluthafa á árinu 2016, samtals 1.992 millj. kr. Vísað er í ársreikning um breytingar á eigin fé.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum. Þeir aðilar sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnarsetu þurfa að tilkynna það fimm dögum fyrir aðalfund. Eingöngu má breyta samþykktum félagsins á lögmatum hluthafafundi. Breytingatillögur þurfa einnig að koma skýrt fram við boðun hluthafafunda. Til þess að breytingar taki gildi þurfa þær að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og 2/3 hluta þeirra atkvæða sem farið er með á fundinum.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Hagar hf. mótast af lögum nr. 2/1995 um hlutfélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Hagar hf. fylgja, með einni undantekningu, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, útgáfu 5, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins árið 2015. Stjórnin hefur ekki skipað tilnefningarnefnd en stjórn hefur hingað til sinnt þeim verkefnum sem tilnefningarnefnd myndi annars sinna, fyrir utan að tilnefna menn til stjórnarsetu. Er það mat stjórnar að það fyrirkomulag hafi gefist vel. Stjórn er þó með það til skoðunar hvort rétt sé að skipa tilnefningarnefnd og hvaða útfærsla væri þá ákjósanleg.

Undantekningar og útskýringar má sjá í ítarlegri yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins, sem er útbúin í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og er aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.hagar.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Stjórn félagsins fær einnig reglulega skýrslur um fjárhagslega áhættu félagsins sem og skýrslur um einstakar deildir til að fylgjast með árangri. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. Enn fremur hefur endurskoðunarnefnd vakandi auga með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits. Frekari upplýsingar um áhættustýringu félagsins er að finna í skýringu 22.

Stjórn félagsins skipa fimm stjórnarmenn. Kristín Friðgeirsdóttir er stjórnarformaður, Sigurður Arnar Sigurðsson er varaformaður og aðrir stjórnarmenn eru Erna Gísladóttir, Salvör Nordal og Stefán Árni Auðólfsson. Stjórnarmenn hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og fjölbreytta menntun að baki. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum þess. Ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn má finna á heimasíðu félagsins, www.hagar.is.

Stjórn félagsins hefur sett sér sérstakar starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.hagar.is, þar sem verkefni stjórnar eru sett fram. Stjórnarfundir voru haldnir að minnsta kosti mánaðarlega á rekstrarárinu 2015/16. Fundina sitja

auk stjórnarmanna forstjóri og fjármálastjóri félagsins. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Stjórn metur árlega eigin störf.

Lykilstjórnendur Haga hf. eru Finnur Árnason forstjóri, Guðrún Eva Gunnarsdóttir fjármálastjóri, Guðmundur Marteinnsson framkvæmdastjóri Bónus, Gunnar Ingi Sigurðsson framkvæmdastjóri Hagkaups, Kjartan Már Friðsteinsson framkvæmdastjóri Banana og Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga.

Stjórn Haga hf. hefur kosið endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Endurskoðunarnefndina skipa nú Erna Gísladóttir, Salvör Nordal og Sigrún K. Sigurjónsdóttir. Nefndarmenn eru allir óháðir endurskoðendum Haga hf., daglegum stjórnendum félagsins og stórum hluthöfum þess. Endurskoðunarnefnd skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur og stöðu félagsins séu áreiðanlegar og gefi glögga mynd af stöðu þess á hverjum tíma. Hlutverk starfskjaranefndar er að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins, tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmd starfssamninga við forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra undir stjórn félagsins. Starfskjaranefnd skipa Kristín Friðgeirsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Stefán Árni Auðólfsson. Allir nefndarmenn eru óháðir daglegum stjórnendum félagsins og stórum hluthöfum þess.



Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir reikningsárið sem lauk 29. febrúar 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 29. febrúar 2016 og breytingum á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2015 til 29. febrúar 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Kópavogi, 12. maí 2016

Stjórn:

*Kristín Friðgeirsdóttir
Erna Gísladóttir
Salvör Nordal
Sigurður Arnar Sigurðsson
Stefán Árni Auðólfsson*

Forstjóri:

Finnur Árnason

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Haga hf. fyrir reikningsárið 1. mars 2015 til 29. febrúar 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á reikningsárinu 1. mars 2015 til 29. febrúar 2016, fjárhagsstöðu hennar 29. febrúar 2016 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar og forstjóra

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 12. maí 2016

KPMG ehf.

Símon Á. Gunnarsson

Margret G. Flóvenz

REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU 1. MARS 2015 TIL 29. FEBRÚAR 2016

| | Skýring | M ISK 2015/16 | M ISK 2014/15 |
|--|---------|------------------|------------------|
| Vörusala | | 78.366 | 77.143 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (59.257) | (58.639) |
| Framlegð | | 19.109 | 18.504 |
| | | | |
| Aðrar rekstrartekjur | 5 | 206 | 129 |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | (7.162) | (6.680) |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | (6.494) | (6.337) |
| | | | |
| Rekstrarhagnaður fyrir skaðabætur og afskriftir | | 5.659 | 5.616 |
| | | | |
| Skaðabætur | 20 | (413) | 0 |
| Afskriftir | 8 | (699) | (674) |
| | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 4.547 | 4.942 |
| | | | |
| Fjármunatekjur | | 296 | 248 |
| Fjármagnsgjöld | | (345) | (395) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | (49) | (147) |
| | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 4.498 | 4.795 |
| Tekjuskattur | 10 | (902) | (957) |
| | | | |
| Heildarhagnaður ársins | | 3.596 | 3.838 |
| | | | |
| Hagnaður á hlut: | | | |
| | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 17 | 3,07 | 3,27 |

Skýringar á blaðsíðum 43 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

EFNAHAGSREIKNINGUR

29. FEBRÚAR 2016

| | | M ISK | M ISK |
|--|---------|---------------|---------------|
| | Skýring | 29.02.2016 | 28.02.2015 |
| Eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir | 11 | 8.956 | 6.770 |
| Óefnislegar eignir | 12 | 7.728 | 7.750 |
| Fastafjármunir samtals | | 16.684 | 14.520 |
| Vörubirgðir | 13 | 4.756 | 4.606 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 14 | 660 | 864 |
| Viðskiptakröfur – greiðslukortakröfur | 14 | 3.795 | 4.271 |
| Handbært fé | 15 | 3.810 | 3.348 |
| Veltufjármunir samtals | | 13.021 | 13.089 |
| Eignir samtals | | 29.705 | 27.609 |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | 16 | 1.172 | 1.172 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 16 | 1.272 | 1.272 |
| Óráðstafað eigið fé | | 13.924 | 12.320 |
| Eigið fé samtals | | 16.368 | 14.764 |
| Skuldir | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 18 | 3.748 | 4.239 |
| Skuldbindingar vegna leigusamninga | 21 | 0 | 25 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 10 | 509 | 527 |
| Langtímaskuldir samtals | | 4.257 | 4.791 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 18 | 763 | 749 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 19 | 7.018 | 6.375 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 10 | 874 | 880 |
| Skuldbindingar | 20 | 425 | 50 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 9.080 | 8.054 |
| Skuldir samtals | | 13.337 | 12.845 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 29.705 | 27.609 |

Skýringar á blaðsíðum 43 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

EIGINFJÁRYFIRLIT 1. MARS 2015 TIL 29. FEBRÚAR 2016

| | M ISK | M ISK | M ISK | M ISK |
|--------------------------------------|--------------|--------------------------------------|------------------------|---------------|
| | Hlutfé | Yfirverðs- reikningur hlutfjár | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
| Breytingar á eigin fé 2014/15 | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2014 | 1.172 | 1.272 | 9.654 | 12.098 |
| Heildarhagnaður ársins | | | 3.838 | 3.838 |
| Greiddur arður, 1,0 kr. á hlut. | | | (1.172) | (1.172) |
| Eigið fé 28. febrúar 2015. | <u>1.172</u> | <u>1.272</u> | <u>12.320</u> | <u>14.764</u> |
| Breytingar á eigin fé 2015/16 | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2015 | 1.172 | 1.272 | 12.320 | 14.764 |
| Heildarhagnaður ársins | | | 3.596 | 3.596 |
| Greiddur arður, 1,7 kr. á hlut. | | | (1.992) | (1.992) |
| Eigið fé 29. febrúar 2016. | <u>1.172</u> | <u>1.272</u> | <u>13.924</u> | <u>16.368</u> |

Skýringar á blaðsíðum 43 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

1. MARS 2015 TIL 29. FEBRÚAR 2016

| | | M ISK 2015/16 | M ISK 2014/15 |
|--|----|------------------|------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður ársins | | 3.596 | 3.838 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (9) | (8) |
| Skuldbindingar vegna leigusamninga | | (43) | (43) |
| Afskriftir | 8 | 699 | 674 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | 49 | 147 |
| Tekjuskattur | 10 | 902 | 957 |
| Veltufé frá rekstri | | 5.194 | 5.565 |
| | | | |
| Breytingar á rekstartengdum eignum | | 532 | (347) |
| Breytingar á rekstartengdum skuldum | | 1.009 | 274 |
| Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt | | 6.735 | 5.492 |
| | | | |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 295 | 255 |
| Greidd vaxtagjöld | | (339) | (400) |
| Greiddur tekjuskattur | | (937) | (998) |
| Handbært fé frá rekstri | | 5.754 | 4.349 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | 11 | (1.371) | (1.365) |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | 11 | (1.207) | (783) |
| Fjárfesting í öfnislegum eignum | 12 | (5) | (13) |
| Söluverð áhalda og innréttinga | | 35 | 25 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (2.548) | (2.136) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Afborganir langtímalána | | (752) | (6.859) |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 5.023 |
| Greiddur arður | | (1.992) | (1.172) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (2.744) | (3.008) |
| | | | |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 462 | (795) |
| | | | |
| Handbært fé í upphafi árs | | 3.348 | 4.143 |
| | | | |
| Handbært fé í lok árs | | 3.810 | 3.348 |
| | | | |
| Fjárfestingar og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | | (305) | 0 |
| Yfirteknar skuldir við kaup á félagi | | 305 | 0 |

Skýringar á blaðsíðum 43 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2015 til 29. febrúar 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 12. maí 2016.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 12 – mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga
- skýring 20 – skuldbindingar og óvissa

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirræð. Yfirræð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalín í samstæðuársreikningnum frá því að yfirræð nást og þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Gengismunur á innkaupum á vörum til endursölu eru bókfærð í „kostnaðarverð seldra vara“.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanalegum greiðslum sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnum þegar við á.

Peningamarkaðsinnlán, sjóður og óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

(ii) Fjárskuldir

Fjárskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

(iii) Almennt hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu hlutfjár og kaupréttarsamninga er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattaáhrifum.

(iv) Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði að frádregnum skattaáhrifum, færð sem lækkun á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og þeir færðir til lækkunar á heildar eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða gefnir út aftur er fjárhæð söliverðsins færð til hækkunar á eigin fé. Hagnaði eða tapi sem fellur til við sölu er bætt við eða dregið frá yfirverðsreikningi hlutfjár.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnum.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söliverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma eignanna, hvoru sem styttra reynist, nema líklegt sé að samstæðan muni eignast eignina í lok leigutíma. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir..... 20-50 ár

Innréttingar, tölvubúnaður og áhöld..... 3-14 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum og er færð á meðal óefnislegra eigna.

Viðskiptavild er mismunur á kostnaði við yfirtöku félags og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir með takmarkaðan líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður, að meðtöldum þeim sem myndar viðskiptavild og vörumerki innan fyrirtækisins, er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður..... 5-12 ár

Leiguréttindi..... 10-15 ár

f. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á reglunni fyrst inn – fyrst út og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi.

Hreint söluverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

g. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir (þar á meðal kröfur)

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign telst vera virðisrýrd ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunur á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Einstaka mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar en peningalegra eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar á hverjum uppgjörsdegi á viðskiptavild og óefnislegum eignum sem hafa óskilgreindan nýtingartíma eða hafa ekki verið teknar í notkun á uppgjörsdegi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglamat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs þá er viðskiptavild sem verður til við samruna færð á fjárskapandi einingar sem vænst er að muni hagnast af samlegðaráhrifum samrunans.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópi eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyrja einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er yfirfarin á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbinding er um að dregið hafi úr virðisrýrnun eignarinnar. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar ef engin virðisrýrnun hefði orðið.

h. Hlunnindi starfsmanna

Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir tekjuskatt sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

j. Tekjur

Seldar vörur

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti.

Veitt þjónusta / aðrar tekjur

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt samningi þegar þjónustan hefur verið veitt.

k. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Leiguhvatar eru færðir í rekstrarreikning sem óaðskiljanlegur hluti heildarleigugjalda á leigutímabilinu. Leiguhvatar vegna rekstrarleigusamninga eru tekjufærðir línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á skuldbindingum, virðisrýrnun fjáreigna og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært sem annað hvort fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld sem fer eftir hvort gengismunahreyfingar skila sér í hagnaði eða tapi.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna skattalegs tímabundins mismunar sem er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar á viðskiptavild.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskatti til greiðslu og skatteign.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

n. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hagnaði ársins, sem úthlutað er til hluthafa félagsins, með vegnu meðaltali útstandandi hlutfjár yfir árið. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virkra hluta fyrir mögulegri þynningu vegna hluta sem gæti þurft að gefa út.

o. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan birtir hvorki starfsþáttayfirlit eftir sviðum né landssvæðum þar sem starfsemi hennar er einungis í rekstri smásöluverslana á Íslandi.

p. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddar

Samstæðan hefur tekið upp alla nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tóku gildi 1. janúar 2015. Upptaka nýrra staðla á árinu hefur engin áhrif á samstæðuársreikning félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaáferðir og skýringar krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Rekstrarfjármunir

Gangvirði rekstrarfjármuna, sem yfirteknir eru við samruna, miðast við markaðsvirði þeirra. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

b. Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

c. Birgðir

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í eðlilegum viðskiptum að frátöldum sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

d. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

e. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2015/16 | 2014/15 |
|------------------------------------|---------|---------|
| Seld þjónusta | 201 | 123 |
| Umboðstekjur | 5 | 6 |
| Aðrar rekstrartekjur samtals | 206 | 129 |

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|--|-------|-------|
| Laun | 6.018 | 5.605 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 531 | 499 |
| Önnur launatengd gjöld | 613 | 576 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 7.162 | 6.680 |
| Stöðugildi að meðaltali | 1.195 | 1.160 |
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 2.327 | 2.199 |

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---------------------------------------|-------|-------|
| Leigugreiðslur | 3.227 | 3.161 |
| Ýmis annar rekstrarkostnaður | 3.267 | 3.176 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 6.494 | 6.337 |

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | | |
|---|-----|-----|
| Afskrift rekstrarfjármuna, sjá skýringu 11 | 672 | 637 |
| Afskrift óefnislegra eigna, sjá skýringu 12 | 27 | 37 |
| Afskriftir samtals | 699 | 674 |

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---------|---------|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | 2015/16 | 2014/15 |
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 296 | 248 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (345) | (395) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (49) | (147) |

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | |
|--|------|-----|
| Tekjuskattur til greiðslu | 954 | 940 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar | (52) | 17 |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 902 | 957 |

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | |
|-------------------------------------|-------|-------|
| Hagnaður ársins | 3.596 | 3.838 |
| Tekjuskattur ársins | 902 | 957 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 4.498 | 4.795 |

| | | | | |
|---|--------|-------|-------|-------|
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | (900) | 20,0% | (959) |
| Aðrir liðir | (0,0%) | (2) | 0,0% | 2 |
| Virkur tekjuskattur | 20,0% | (902) | 20,0% | (957) |

Breyting á tímabundnum mismun 2015/16:

| | Staða 28.2.2015 | Fært í rekstrar- reikning | Fjárfesting í félagi | Staða 29.2.2016 |
|--|--------------------|---------------------------------|-------------------------|--------------------|
| Rekstrarfjármunir | (428) | (73) | (39) | (540) |
| Óefnislegar eignir | (19) | 0 | 0 | (19) |
| Birgðir | (48) | 1 | 0 | (47) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | (49) | 7 | 0 | (42) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 0 | 0 | 5 | 5 |
| Skuldbindingar | 17 | 117 | 0 | 134 |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals | (527) | 52 | (34) | (509) |

Breyting á tímabundnum mismun 2014/15:

| | Staða 28.2.2014 | Fært í rekstrar- reikning | Fjárfesting í félagi | Staða 28.2.2015 |
|--|--------------------|---------------------------------|-------------------------|--------------------|
| Rekstrarfjármunir | (428) | 0 | 0 | (428) |
| Óefnislegar eignir | (19) | 0 | 0 | (19) |
| Birgðir | (48) | 0 | 0 | (48) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | (43) | (6) | 0 | (49) |
| Skuldbindingar | 22 | (5) | 0 | 17 |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals | (516) | (11) | 0 | (527) |

Tekjuskattur til greiðslu greinist þannig:

| | | |
|--|-----------|-----------|
| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
| Tekjuskattur ársins til greiðslu | 954 | 940 |
| Fyrirframgreiddir skattar | (80) | (60) |
| Tekjuskattur ársins til greiðslu samtals | 874 | 880 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Yfirfæranlegt skattalegt tap nam í lok reikningsárs 53 millj. kr. (2014/15: 28 millj. kr.). Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess og greinist eftirfarandi:

| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|--|-----------|-----------|
| Tap ársins 2008, nýtanlegt fyrir lok árs 2018 | 18 | 18 |
| Tap ársins 2009, nýtanlegt fyrir lok árs 2019 | 10 | 10 |
| Tap ársins 2014, nýtanlegt fyrir lok árs 2024 | 9 | 0 |
| Tap ársins 2015, nýtanlegt fyrir lok árs 2025 | 16 | 0 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 53 | 28 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki er fært til eignar | (28) | (28) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap fært sem skatteign | 25 | 0 |

11. Rekstrarfjármunir

| Rekstrarfjármunir greinast þannig: | Fasteignir | Áhöld og innréttingar | Samtals |
|------------------------------------|------------|-----------------------|---------|
| Kostnaðarverð | | | |
| Staða 1.3.2014 | 1.687 | 10.266 | 11.953 |
| Viðbætur | 1.365 | 783 | 2.148 |
| Selt og aflagt | 0 | (27) | (27) |
| Staða 28.2.2015 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 3.052 | 11.022 | 14.074 |
| Staða 1.3.2015 | 3.052 | 11.022 | 14.074 |
| Viðbætur | 1.676 | 1.207 | 2.883 |
| Selt og aflagt | 0 | (35) | (35) |
| Staða 29.2.2016 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 4.728 | 12.194 | 16.922 |
| Afskriftir | | | |
| Staða 1.3.2014 | 64 | 6.614 | 6.678 |
| Afskriftir | 31 | 606 | 637 |
| Selt og aflagt | 0 | (10) | (10) |
| Staða 28.2.2015 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 95 | 7.210 | 7.305 |
| Afskriftir | 62 | 610 | 672 |
| Selt og aflagt | 0 | (11) | (11) |
| Staða 29.2.2016 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 157 | 7.809 | 7.966 |
| Bókfært verð | | | |
| Staða 1.3.2014 | 1.623 | 3.652 | 5.275 |
| Staða 28.2.2015 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 2.957 | 3.813 | 6.770 |
| Staða 29.2.2016 | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 4.571 | 4.385 | 8.956 |

Fasteignamat og vátryggingaverð

Vátryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð fasteigna og lóða í lok reikningsárs nam eftirfarandi fjárhæðum:

| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---------------------------------------|-----------|-----------|
| Fasteignamat | 2.862 | 1.565 |
| Vátryggingaverð fasteigna | 4.426 | 2.430 |
| Bókfært verð fasteigna | 4.571 | 2.957 |
| Vátryggingaverð innréttinga og áhalda | 7.195 | 7.247 |
| Bókfært verð innréttinga og áhalda | 4.385 | 3.813 |

Veðskuldir

Allir rekstrarfjármunir samstæðunnar eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Viðskipta- vild | Hug- búnaður | Leigu- réttur | Samtals |
|-----------------------------------|--------------------|-----------------|------------------|---------|
| Kostnaðarverð | | | | |
| Staða 1.3.2014 | 8.172 | 426 | 145 | 8.743 |
| Viðbætur | 0 | 13 | 0 | 13 |
| Staða 28.2.2015 | 8.172 | 439 | 145 | 8.756 |
| Viðbætur | 0 | 5 | 0 | 5 |
| Staða 29.2.2016 | 8.172 | 444 | 145 | 8.761 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | | | | |
| Staða 1.3.2014 | 563 | 286 | 120 | 969 |
| Afskriftir | 0 | 25 | 12 | 37 |
| Staða 28.2.2015 | 563 | 311 | 132 | 1.006 |
| Afskriftir | 0 | 14 | 13 | 27 |
| Staða 29.2.2016 | 563 | 325 | 145 | 1.033 |
| Bókfært verð | | | | |
| Staða 1.3.2014 | 7.609 | 140 | 25 | 7.774 |
| Staða 28.2.2015 | 7.609 | 128 | 13 | 7.750 |
| Staða 29.2.2016 | 7.609 | 119 | 0 | 7.728 |

Virðisrýrnunarpróf

Viðskiptavild sem verður til við yfirtökur er ekki afskrifuð heldur er gert virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega til að kanna hvort til staðar sé vísbending um virðisrýrnun hennar. Viðskiptavild sem myndast við yfirtökur er útteilt á flokk eigna sem eru skilgreindar sem fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar.

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir tekjuskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu, hvoru sem hærra reynist. Endurheimtanlegar fjárhæðir byggjast á nýtingarvirði.

Áætlanir um fjárstreymi byggjast á rauntölum og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Í fjárstreyminu er gert ráð fyrir að framtíðarnafnvöxtur verði á bilinu 2,0% til 3,2% á árunum 2016/17 til 2020/21 (2014/15: 3,0% til 4,5%). Áætlaður framtíðarnafnvöxtur að loknu 5 ára spátímabili er 3,0% (2014/15: 3,0%).

Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir tekjuskatt var 11,0% (2014/15: 11,1%). Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 17,7% (2014/15: 17,7%) skuldsetningu á markaðsvöxtunum 6,7% (2014/15: 7,0%). Ávöxtunarkrafan er reiknuð út frá fjármagnskostnaði samstæðunnar eftir tekjuskatt og er hún aðlöguð að mismunandi áhættuþáttum einstakra fjárskapandi eininga.

Töluverð breyting í forsendum mun ekki leiða af sér virðisrýrnun.

13. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---|-----------|-----------|
| Matvara | 3.213 | 3.024 |
| Sérvara | 1.242 | 1.394 |
| Vörur í flutningi | 301 | 188 |
| Vörubirgðir samtals | 4.756 | 4.606 |
| Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs | 103 | 99 |
| Vátryggingaverð birgða | 5.626 | 5.284 |

Veðskuldir

Allir birgðir samstæðunnar eru veðsettar vegna vaxtaberandi skulda.

14. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur | 442 | 522 |
| Aðrar skammtímakröfur | 104 | 218 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 147 | 147 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (33) | (23) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 660 | 864 |
| Greiðslukortakröfur | 3.795 | 4.271 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 4.455 | 5.135 |

Veðskuldir

Allar viðskiptakröfur samstæðunnar eru veðsettar vegna vaxtaberandi skulda.

15. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

| | | |
|-------------------------------|-------|-------|
| Peningamarkaðsinnlán | 2.900 | 2.900 |
| Óbundnar bankainnstæður | 845 | 370 |
| Sjóður | 65 | 78 |
| Handbært fé samtals | 3.810 | 3.348 |

Veðskuldir

Allt handbært fé samstæðunnar er veðsett vegna vaxtaberandi skulda.

16. Eigið fé

Hlutfé – í milljónum hlutabréfa

| | | |
|---------------------------------------|-------|-------|
| Útistandandi hlutir í ársbyrjun | 1.172 | 1.172 |
| Útistandandi hlutir í árslok | 1.172 | 1.172 |

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 1.172 millj. kr. í lok reikningsársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun sem samþykkt er á aðalfundum félagsins.

Yfirverðsreikningur hlutfjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði sem má ekki nota til að greiða hluthöfum arð.

Arðgreiðslur

Stjórn félagsins leggur til að 1,70 kr. á hlut verði greidd út sem arður til hluthafa á árinu 2016 (2015: 1,70 kr. á hlut).

17. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna né annarra og félagið hefur ekki tekið lán sem er breytanlegt í hlutfé.

| | 2015/16 | 2014/15 |
|---|---------|---------|
| Hagnaður ársins til hluthafa móðurfélagsins | 3.596 | 3.838 |
| Vegið meðaltal útistandandi hlutfjár: | | |
| Útistandandi hlutir í upphafi og lok árs | 1.172 | 1.172 |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 1.172 | 1.172 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 3,07 | 3,27 |

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

18. Vaxtaberandi skuldir

| Vaxtaberandi skuldir greinast þannig: | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|--|--------------|--------------|
| Langtímaskuldir | | |
| Veðtryggð bankalán | 3.605 | 4.077 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 143 | 162 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | <u>3.748</u> | <u>4.239</u> |
| Skammtímaskuldir | | |
| Næsta árs afborganir veðtryggðra bankalána | 739 | 728 |
| Næsta árs afborganir fjármögnunarleigusamninga | 24 | 21 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals | <u>763</u> | <u>749</u> |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | <u>4.511</u> | <u>4.988</u> |

Skilmálar vaxtaberandi skulda eru eftirfarandi:

| | Vegjð meðaltal vaxta | | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|--|----------------------|-----------|-------------------|-------------------|
| | 29.2.2016 | 28.2.2015 | Eftir- stöðvar | Eftir- stöðvar |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 7,15% | 6,10% | 4.344 | 4.805 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 10,50% | 10,50% | 167 | 183 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | <u>4.511</u> | <u>4.988</u> |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | | <u>(763)</u> | <u>(749)</u> |
| Langtímaskuldir samtals | | | <u>3.748</u> | <u>4.239</u> |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|--------------------------|--------------|--------------|
| Afborganir 2015/16 | - | 749 |
| Afborganir 2016/17 | 763 | 753 |
| Afborganir 2017/18 | 767 | 756 |
| Afborganir 2018/19 | 771 | 761 |
| Afborganir 2019/20 | 2.165 | 1.931 |
| Afborganir 2020/21 | 45 | 38 |
| Samtals | <u>4.511</u> | <u>4.988</u> |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

19. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|--|--------------|--------------|
| Viðskiptaskuldir | 4.979 | 4.811 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.014 | 1.521 |
| Leiguhvatar, sjá skýringu 21 | 25 | 43 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | <u>7.018</u> | <u>6.375</u> |

20. Skuldbindingar og óvissa

Í lok febrúar 2016 nam skuldbinding félagsins 12 millj. kr. (2014/15: 50 millj. kr.). Skuldbinding í lok febrúar 2016 er vegna íþyngjandi leigusamninga vegna húsnæðis sem ekki er í notkun hjá félaginu og einnig vegna húsnæðis sem er í áframleigu hjá félaginu.

Árið 2012 barst félaginu krafa frá samkeppnisaðila um greiðslu skaðabóta vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni. Félagið hafnaði kröfunni og færði ekki skuldbindingu vegna þessa. Héraðsdómur Reykjaness hefur nú dæmt stefnanda í hag og þarf félagið að greiða 218,7 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar. Félagið mun áfrýja dómnum til Hæstaréttar. Félagið hefur nú fært skuldbindingu vegna málsins að upphæð 413 millj. kr.

21. Rekstrarleigusamningar

Leigusamningar sem leigutaki

| Leigugreiðslur vegna óuppsęjanlegra rekstrarleigusamninga greinast þannig: | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|--|-----------|-----------|
| Innan eins árs | 2.933 | 2.937 |
| Eftir eitt til fimm ár | 6.843 | 7.722 |
| Eftir meira en fimm ár | 2.062 | 2.441 |
| Rekstrarleigusamningar samtals | 11.838 | 13.100 |

Samstæðan leigir fasteignir undir starfsemi sína. Lengstu leigusamningarnir gilda til ársins 2025. Skuldbindingar samstæðunnar vegna leigusamninganna námu 11.838 millj. kr. í lok reikningsársins (2014/15: 13.100 millj. kr.). Flestir leigusamningar eru tengdir vísitölu neysluverðs. Samstæðan hefur einnig gert rekstrarleigusamninga vegna leigu á áhöldum og tækjum.

Eftirstöðvar leiguhvata vegna rekstrarleigusamninga nema 25 millj. kr. (2014/15: 68 millj. kr.) og verða þeir tekjufærðir línulega á næsta ári.

Leigusamningar sem leigusali

Samstæðan leigir út fasteignir. Framtíðarleigugreiðslur leigusamninga eru að lágmarki sem hér segir:

| | | |
|--------------------------------------|-----|-----|
| Innan eins árs | 83 | 79 |
| Eftir eitt til fimm ár | 325 | 282 |
| Eftir meira en fimm ár | 21 | 83 |
| Rekstrarleigusamningar samtals | 429 | 444 |

22. Stýring fjármálalegrar áhættu

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á inleiðingu og eftirliti með fjármálalegri áhættu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfsmannþjálfun og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og verðbréfa.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisyrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Í lok reikningsársins var lánsáhætta félagsins óveruleg.

Mögulegt tap vegna lánsáhattu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi á reikningskiladegi:

| | Skýring | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---|---------|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 14 | 513 | 717 |
| Viðskiptakröfur – greiðslukortakröfur | 14 | 3.795 | 4.271 |
| Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna | | 4.308 | 4.988 |
| Handbært fé | 15 | 3.810 | 3.348 |
| Mesta mögulega tap vegna fjáreigna | | 8.118 | 8.336 |
| Hreyfingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig: | | | |
| Staða í upphafi reikningsárs | | 23 | 25 |
| Bókfært á árinu | | 10 | (2) |
| Staða í lok reikningsárs | | 33 | 23 |

c. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

29. febrúar 2016

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

| | Bókfært verð | Samningsbundið sjóðsflæði | Innan árs | Eftir 1-2 ár | Eftir 2-5 ár | Eftir meira en 5 ár |
|--|--------------|---------------------------|-----------|--------------|--------------|---------------------|
| Vaxtaberandi skuldir | 4.344 | 4.957 | 1.034 | 954 | 2.968 | 0 |
| Fjármögnunarleiga | 167 | 235 | 41 | 42 | 136 | 16 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 7.018 | 7.018 | 7.018 | 0 | 0 | 0 |
| | 11.529 | 12.210 | 8.093 | 996 | 3.104 | 16 |

28. febrúar 2015

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

| | | | | | | |
|--|--------|--------|-------|-----|-------|----|
| Vaxtaberandi skuldir | 4.805 | 5.558 | 1.005 | 945 | 3.608 | 0 |
| Fjármögnunarleiga | 183 | 280 | 40 | 42 | 134 | 64 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 6.375 | 6.375 | 6.375 | 0 | 0 | 0 |
| | 11.363 | 12.213 | 7.420 | 987 | 3.742 | 64 |

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlaáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), bandaríkjadollar (USD) og breskt pund (GBP).

Tapshætta vegna gjaldmiðlaáhættu

Mögulegt tap samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla, byggt á nafnverðsfjárhæðum, er 385 millj. kr. í árslok (2014/15: 328 millj. kr.). 10% veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í febrúarlok 2016 hefði minnkað eigið fé og afkomu eftir tekjuskatt um 31 millj. kr. (2014/15: -26 millj. kr.).

(ii) Vaxtaáhætta

96,3% af lántökum félagsins eru með breytilegum vöxtum (2014/15: 96,3%).

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi peningalegar skuldir eru eftirfarandi í lok reikningsárs: 29.2.2016 28.2.2015

Fjármálagerningar með föstum vöxtum

Fjárskuldir 167 183

Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum

Fjárskuldir 4.344 4.805

Breyting á vöxtum skulda með breytilega vexti um 1% í lok reikningsárs myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu um 34 millj. kr. (2014/15: 38 millj. kr.) eftir tekjuskatt.

e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að viðhalda trausti fjárfesta, lánastofnana og annarra markaðsaðila ásamt því að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stefna stjórnar félagsins er að nýta umframsjóðstreymi úr rekstri til að greiða arð, að lágmarki 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs, eða kaupa eigin hlutabréf. Félagið hefur á undanförunum árum greitt niður vaxtaberandi skuldir en stjórn telur ekki frekari þörf á niðurgreiðslu skulda umfram ákvæði lánsamninga. Að auki mun félagið, ef tækifæri gefast, kaupa fasteignir á hagstæðu verði sem nýtast félaginu í starfsemi sinni.

23. Gangvirði

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda samanborið við bókfært verð eins og það er sett fram í efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 29. febrúar 2016 | | 28. febrúar 2015 | |
|--|------------------|-----------|------------------|-----------|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 4.308 | 4.308 | 4.988 | 4.988 |
| Handbært fé | 3.810 | 3.810 | 3.348 | 3.348 |
| Vaxtaberandi skuldir | (4.511) | (4.511) | (4.988) | (4.988) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | (7.018) | (7.018) | (6.375) | (6.375) |
| | (3.411) | (3.411) | (3.027) | (3.027) |

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 4.

24. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins eru stjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út við samstæðureikningsskil og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Laun og hlunnindi greidd til stjórnar og stjórnenda

Stjórnarlaus greidd fyrir rekstrarárið 2015/16 og eignahlutur í lok rekstrarárs

| | Stjórnar- og nefndarlaun | Framlag í lífeyrissjóð | Eignahlutur í árslok* |
|---|--------------------------|------------------------|-----------------------|
| Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður | 7,7 | 0,6 | 0,0 |
| Erna Gísladóttir, stjórnarmaður | 3,8 | 0,3 | 6,9 |
| Salvör Nordal, stjórnarmaður | 3,8 | 0,3 | 0,0 |
| Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður | 3,8 | 0,3 | 0,0 |
| Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður | 3,8 | 0,3 | 0,0 |

*Hlutir í beinni eigu stjórnenda eða aðila tengdum þeim.

Erna og Salvör eru nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Kristín, Sigurður Arnar og Stefán Árni eru nefndarmenn í starfskjaranefnd.

Laun og hlunnindi greidd til stjórnenda:

| | Laun | Framlag í lífeyrissjóð | Bifreiða-hlunnindi | Árangurs-tengd laun | Eignahlutur í árslok* |
|---|------|------------------------|--------------------|---------------------|-----------------------|
| Finnur Árnason, forstjóri | 36,9 | 10,8 | 3,1 | 34,9 | 5,4 |
| Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri | 20,4 | 2,6 | 1,7 | 6,0 | 0,0 |
| Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri | 26,4 | 8,7 | 1,5 | 34,9 | 2,3 |
| Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri | 22,1 | 3,0 | 2,7 | 7,5 | 1,2 |
| Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri | 22,6 | 2,4 | 2,0 | 10,0 | 0,2 |
| Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri | 21,2 | 2,4 | 2,4 | 4,0 | 0,0 |

Stjórnarlaun greidd fyrir rekstrarárið 2014/15 og eignahlutur í lok rekstrarárs

| | Stjórnar- og nefndarlaun | Framlag í lífeyrissjóð | Eignahlutur í árslok* |
|--|--------------------------|------------------------|-----------------------|
| Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður | 5,9 | 0,5 | 0,0 |
| Erna Gísladóttir, stjórnarmaður | 3,8 | 0,3 | 6,9 |
| Salvör Nordal, stjórnarmaður (frá júní 2014) | 2,8 | 0,2 | 0,0 |
| Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður (frá júní 2014) | 2,6 | 0,2 | 0,0 |
| Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður | 3,4 | 0,3 | 0,0 |
| Árni Hauksson, stjórnarformaður (til júní 2014) | 1,6 | 0,1 | 0,0 |
| Hallbjörn Karlsson, stjórnarmaður (til júní 2014) | 0,8 | 0,1 | 0,0 |

Erna og Salvör eru nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Kristín, Sigurður Arnar og Stefán Árni eru nefndarmenn í starfskjaranefnd.

Laun og hlunnindi greidd til stjórnenda:

| | Laun | Framlag í lífeyrissjóð | Bifreiða-hlunnindi | Árangurs-tengd laun | Eignahlutur í árslok* |
|---|------|------------------------|--------------------|---------------------|-----------------------|
| Finnur Árnason, forstjóri | 35,3 | 10,6 | 3,2 | 35,0 | 5,4 |
| Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri | 19,6 | 2,6 | 1,3 | 6,0 | 0,0 |
| Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri | 27,0 | 8,7 | 1,5 | 35,0 | 2,3 |
| Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri | 21,9 | 3,2 | 2,9 | 7,5 | 1,2 |
| Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri | 21,9 | 5,1 | 3,3 | 8,0 | 1,2 |
| Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri | 20,5 | 2,2 | 2,2 | 4,0 | 0,0 |

*Hlutir í beinni eigu stjórnenda eða aðila tengdum þeim.

25. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok reikningsárs voru sjö. Dótturfélögin í samstæðuársreikningnum eru eftirfarandi:

| | Staðsetning | Hlutur | |
|------------------------------------|-------------|-----------|-----------|
| | | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Banar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Ferskar kjötvörur ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Íshöfn ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Eignarhaldsfélagið Dagar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Gargon ehf. | Ísland | 100% | 0% |

Á árinu var fjárfest í dótturfélaginu Gargon ehf. en félagið á fasteign sem samstæðan notar.

Hlutir móðurfélagsins í ofangreindum dótturfélögum fyrir utan eignarhlut í Gargon ehf. eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

26. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

| Efnahagsreikningur: | 29.2.2016 | 28.2.2015 |
|---|-----------|-----------|
| Lausafjárhlutfall – veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,43 | 1,63 |
| Eiginfjárhlutfall – eigið fé/heildareignir | 55,1% | 53,5% |
| Innra virði hlutafjár | 13,97 | 12,60 |

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT (ÓENDURSKOÐAÐ)

| Rekstrarárið 2015/16 | 1. árs- fjórðungur | 2. árs- fjórðungur | 3. árs- fjórðungur | 4. árs- fjórðungur | Samtals |
|--|-----------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|---------------|
| Vörusala | 18.668 | 19.722 | 18.787 | 21.189 | 78.366 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (14.183) | (14.875) | (14.134) | (16.065) | (59.257) |
| Framlegð | 4.485 | 4.847 | 4.653 | 5.124 | 19.109 |
| Aðrar rekstrartekjur | 45 | 42 | 45 | 74 | 206 |
| Laun og launatengd gjöld | (1.697) | (1.667) | (1.788) | (2.010) | (7.162) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.621) | (1.566) | (1.637) | (1.670) | (6.494) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 1.212 | 1.656 | 1.273 | 1.518 | 5.659 |
| Skaðabætur | 0 | 0 | 0 | (413) | (413) |
| Afskriftir | (171) | (162) | (175) | (191) | (699) |
| Rekstrarhagnaður | 1.041 | 1.494 | 1.098 | 914 | 4.547 |
| Fjármunatekjur | 48 | 59 | 60 | 129 | 296 |
| Fjármagnsgjöld | (75) | (85) | (101) | (84) | (345) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (27) | (26) | (41) | 45 | (49) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.014 | 1.468 | 1.057 | 959 | 4.498 |
| Tekjuskattur | (203) | (293) | (212) | (194) | (902) |
| Heildarhagnaður ársins | 811 | 1.175 | 845 | 765 | 3.596 |
| Rekstrarárið 2014/15 | | | | | |
| Vörusala | 18.885 | 19.478 | 18.400 | 20.380 | 77.143 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (14.311) | (14.787) | (13.978) | (15.563) | (58.639) |
| Framlegð | 4.574 | 4.691 | 4.422 | 4.817 | 18.504 |
| Aðrar rekstrartekjur | 27 | 30 | 25 | 47 | 129 |
| Laun og launatengd gjöld | (1.646) | (1.568) | (1.674) | (1.792) | (6.680) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.550) | (1.515) | (1.630) | (1.642) | (6.337) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir | 1.405 | 1.638 | 1.143 | 1.430 | 5.616 |
| Afskriftir | (166) | (168) | (167) | (173) | (674) |
| Rekstrarhagnaður | 1.239 | 1.470 | 976 | 1.257 | 4.942 |
| Fjármunatekjur | 86 | 53 | 58 | 51 | 248 |
| Fjármagnsgjöld | (151) | (80) | (91) | (73) | (395) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (65) | (27) | (33) | (22) | (147) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.174 | 1.443 | 943 | 1.235 | 4.795 |
| Tekjuskattur | (235) | (288) | (189) | (245) | (957) |
| Heildarhagnaður ársins | 939 | 1.155 | 754 | 990 | 3.838 |

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna





HAGASMÁRA 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 530 5500
WWW.HAGAR.IS